

**SKOÐUN** Pröstur Ólafsson skrifar um óheppilega tímasetningu við seðlabankalögin. 15



**MENNING** Reykjavík Bókmenntaborg skapar Andrými fyrir orðlistarfólk. 20



**LÍFIÐ** Steinunn Ása leikur í Eurovision-myndbandinu og berst gegn fordómum. 30



**SPORT** 21 af 23 leikmönnum íslenska hópsins hefur byrjað að inná í Algarve-mótinu. 26







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
12. mars 2014
60. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## MARKAÐURINN



### Víravél Fjarðaáls verður ekki seld

Alcoa hefur hætt við að selja víravél álversins í Reyðarfirði en virði hennar hleypur á milljörðum króna. Það lá við stórtjóni í vetur þegar álverið varð rafmagnslaust.

## FRÉTTIR

### Stormur í vatnsglasi

Fyrrverandi formaður bankaráðs segir að bankaráð geti ekki krafið Má seðlabankastjóra um endurgreiðslu á málskostnaði. Málinu sé löngu lokið. Pétur Blöndal telur að endurgreiða eigi kostnaðinn. 4

**Fangi fluttur á sjúkrahús** Maður leið alvarlegan insúlínskort á meðan hann var í haldi lögreglu. 8




14

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 3° | SV | 6 |
| Akureyri | 6° | SSV | 5 |
| Egilsstaðir | 8° | SV | 7 |
| Kirkjubæjarkl. | 7° | SSV | 5 |
| Reykjavík | 6° | SSV | 5 |

**ÞUNGBÚIÐ** Í dag verða suðvestan 5-10 í fyrstu og víða rigning en snýst í stífa vestanátt með éljum og kólnandi veðri V-til í kvöld. 4

## 3 SÉRBLÖÐ

Markaður | Fólk






**NIÐURRIF FERNÖNDU**
Starfsmenn fyrirtækisins Hringrásar hófu niðurrif Fernöndu í gær. Einar Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Hringrásar, segir ekki ljóst hve langan tíma verkið muni taka en ljóst sé að það fari vel af stað.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Tugmilljarða ábati ef flugvöllurinn fer

Um 45 milljarða króna ábati er af því að flytja flugvöllinn úr Vatnsmýri. Flutningur til Keflavíkur er hagkvæmastur, þó ekki fyrir landsbyggðarfólk. Dagur B. Eggertsson segir mikilvægt að finna stað nærri Reykjavík fyrir flugvöllinn til framtíðar.

**SAMGÖNGUR** Íbúar á höfuðborgarsvæðinu fá mikinn ábata af því að færa flugvöllinn úr Vatnsmýrinni en íbúar landsbyggðarinnar verða hins vegar fyrir miklum kostnaði ef flugvöllurinn er fluttur til Keflavíkur.

Þetta kemur fram í hagrænni úttekt Capacent á framtíðarstaðsetningu flugvallarins. Farið var í sérmat á samfélagslegri arðsemi af flutningi flugvallarins úr Vatnsmýri á Hólmsheiði, Löngusker eða til Keflavíkur.

Um 45 milljarða króna ábati er af því að flytja flugvöllinn úr Vatnsmýrinni og er stærsti áhrifaþátturinn í greiningunni mat á virði Vatnsmýrarinnar ef flugvöllurinn fer, metið út frá minni akstri ásamt öðrum þáttum tengdum mengun og slysum.



DAGUR B. EGGERTSSON

Flutningur til Keflavíkur er metinn hagkvæmasti kosturinn þar sem rekstrar- og byggingarkostnaður yrði lægri þar, vegna alþjóðaflugvallarins.

Hins vegar yrðu íbúar landsbyggðarinnar fyrir miklum kostnaði fari flugvöllurinn til Keflavíkur vegna ferða til og frá flugvelli.

Dagur B. Eggertsson, forseti borgarstjórnar, segir mikilvægt að finna aðra mögulega flugvallarstaði.

„Íslenska ríkið, borgin og Icelandair reyna í samvinnu að finna lausnir sem snúast ekki eingöngu um Vatnsmýri eða Keflavík. Þar er verið að skoða alla hugsanlega möguleika og það er mikilvægt að við gefum okkur þann tíma sem þarf til að ljúka þeirri könnun.“

Dagur segir millileiðina snúast um flugvöll sem er nær borginni en Keflavík. „Það eru margir sem kvarta yfir að það sé dýrt að fljúga innanlands og það er mikilvægt að bæta ekki við þann kostnað.“

- ebg, fbj / sjá Markaðinn

Skila ekki öryggisáætlunum:

# Brunavarnir víða í ólestri

**ÖRYGGISMÁL** „Mér finnst það grafalvarlegt að sveitarfélögin hundsi það að skrá niður hvernig björgunarmálum þeirra er háttað, og skili ekki inn brunavarnaáætlun,“ segir Björn Karlsson, forstjóri Mannvirkjastofnunar.



BJÖRN KARLSSON

Á annan tug slökkviliða hefur aldrei staðið skil á brunavarnaáætlun, eða frá því árið 2000 þegar lög um brunavarnir tóku gildi. Af 37 slökkviliðum sem starfa hér á landi hafa sex gilda áætlun.

Í lögum segir að brunavarnaáætlun eigi að tryggja að slökkvilið hvers svæðis sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin.

- shá / sjá síðu 6






Rektor MS segir ekki hægt að tryggja öryggi nemenda á skólaböllum:

# Banna skólaböll vegna ölvunar

**SAMFÉLAG** „Það er orðið regla að á öllum stórum dansleikjunum er ofbeldi og það er auðvitað ekki í lagi. Auðvitað viljum við heilbrigt og gott skemmtanalíf en við þurfum nýjar leiðir til að breyta þessu. Í núverandi ástandi get ég ekki tryggt öryggi nemendanna,“ segir Már Vilhjálmsson, rektor Menntaskólans við Sund.

Mikil drykkja og önnur brot á árshátíð skólans í Gullhömrum fyrir stuttu urðu til þess að sett hefur verið á svokallað dansleikjabann í skólanum út skólaárið.

„Okkur hefur fundist hlutirnir ekki hafa gengið nógu vel og það hefur verið allt of mikið um ölvun. Við ætlum að finna það út með nemendum hvernig best sé að breyta þessu.“

- glp / sjá síðu 46



**REKTORINN RÆÐUR** Már Vilhjálmsson segir dansleiki ekki hafa gengið nógu vel.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN







## SPURNING DAGSINS



Þór, hafið þið roð við öðrum í þessum bransa?

**Já, við eigum það alveg roðlaust og beinlaust.**

Þór Sigfússon er framkvæmdastjóri Sjávarklasans en fyrirtækið hyggst vinna kollagen úr tvö til þrjú þúsund tonnum af fiskroði á ári.

Utanríkisráðherra segir tilvalið að kynna nýja samstarfsstefnu nú vegna umræðunnar í landinu:

# Ríkisstjórn einhuga um nýja Evrópustefnu

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórn Íslands kynnti í gær nýja Evrópustefnu með áherslu á skilvirka framkvæmd EES-samningsins.

Einnig er lögð áhersla á áframhaldandi sjálfstæð, virk og náin samskipti og samstarf við Evrópusambandið og aðildarríki. Í stefnunni áréttar ríkisstjórnin einnig mikilvægi þess að Ísland komi fyrr að mótun löggjafar á vettvangi ESB.

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra segir tilvalið að kynna stefnuna núna vegna þeirrar miklu umræðu sem ríkir í samfélaginu um samskipti Íslands við Evrópu.

„Síðasta sumar þegar við tilkynntum að við ætluðum að setja viðræður við ESB í hlé þá tókum við fram að við vildum samt eiga gott samstarf við Evrópusambandið og Evrópuríki, og í haust var ákveðið að setja stefnumörkun í þeim málum.“

Í stefnunni er lögð rík áhersla á tvíhliða samstarf við önnur Evrópuríki, samráð við Noreg og Liechtenstein auk norræns og vestnorræns samstarfs. Gunnar Bragi tekur þó fyrir að tilgangur stefnunnar sé að styrkja stöðu Íslands sem lands utan Evrópusambandsins eða til að styðja við þingsályktunartillögu um að hætta aðildarviðræðum.

„Nei, alls ekki. Það er sérstök áhersla lögð á EES-samninginn og það kemur skýrt fram að við teljum Evrópusambandsríkin meðal okkar helstu samstarfsaðila. Þetta er mjög spennandi og öll ríkisstjórnin er einhuga að fara þessa leið.“ - ebg



**GUNNAR BRAGI SVEINSSON** Utanríkisráðherra segir að ákveðið hafi verið að móta stefnu í Evrópumálum síðastliðið haust. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**VOPNAÐUR FELGULYKLI** Maðurinn sem rændi Dalsnesti er um 180 cm á hæð. MYND/SKJÁSKOT ÚR MYNDBANDINU.

Myndband af manni sem rændi Dalsnesti:

# Lögreglan leitar að ræningja

**LÖGREGLUMÁL Maðurinn sem rændi í fyrrakvöld verslunina Dalsnesti í Hafnarfirði, vopnaður felgulykli, var í gærkvöldi enn ófundinn og lögreglu höfðu ekki borist neinar vísbendingar. Töluvert reiðufé var í kassanum þar sem verslunin tekur ekki við greiðslukortum. Lögreglan birti myndband af ráninu á Facebook-síðu sinni til að leita upplýsinga um manninn. Sigurður Lárusson hefur rekið verslunina í 25 ár en þetta er í fyrsta skipti sem rán er framið þar.**

**Sigurður segir starfsmann verslunarinnar ekki hafa sakað en hafa orðið fyrir áfalli. Hann segir þjófinn kunna að hafa fengið meira upp úr krafsinu vegna þess að ekki er tekið við greiðslukortum. Hann vildi þó ekki gefa upp hve mikið þjófurinn tók og hyggst ekki breyta starfsháttum sínum.** - þþ

Íslendingar í barnaníðshring:

# Þrír menn í skýrslutöku

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur yfirheyrt tvo menn grunaða um vörslu barnakláms og tengsl við alþjóðlegan barnaníðshring. Þetta kom fram í kvöldfréttum RÚV. Annar maður er grunaður um aðild að málinu, sem á uppruna sinn í Kanada.

Í nóvember síðastliðnum upprætti lögreglan í Toronto í Kanada hringinn og voru 348 handteknir. Rannsóknin leiddi í ljós að tvær íslenskar IP-tölur tengdust barnaníðshringnum. - skó

Kosning hafin um betri hverfi:

# Íbúar forgangsraða verkefnum

**REYKJAVÍK** Rafrænar hverfakosningar í Reykjavík hófust í gær. Þetta er þriðja árið í röð sem kosið er um smærri framkvæmdir í hverfum borgarinnar. Á þessu ári verður 300 milljónum króna varið í verkefni sem íbúar munu forgangsraða með atkvæðum sínum. Yfir 400 hugmyndir bárust frá hverfisráðum. Á síðustu tveimur árum hafa íbúar Reykjavíkur kosið yfir 200 verkefni til framkvæmda í hverfum sínum. Opið verður fyrir atkvæðagreiðslu til miðnættis 18. mars. - skó

# Þungmálmar látnir ósnertir í Tjörninni

Garðyrkjustjóri Reykjavíkurborgar segir óraunhæft að moka burt botnseti Reykjavíkurtjarnar sem mengað er af þungmálmum frá bílaumferð og lífrænum efnum frá brauðgjöfum og fugladriti. Tekist hafi að draga úr rennsli skolps í Tjörnina.

**UMHVERFISMÁL** Ástand Reykjavíkurtjarnar er slæmt segir í umsögn garðyrkjustjóra borgarinnar vegna tillögu um hreinsun Tjarnarinnar á vefnum Betri Reykjavík.

„Ég vil gjarnan að tjörnin verði hreinsuð, en hún hefur verið skítug mjög lengi. Vil að fuglarnir við tjörnina fái hreint vatn svo lífsskilyrði þeirra verði meiri,“ sagði í tillögunni sem 67 einstaklingar lýstu sig fylgjandi.



**ÞÓRÓLFUR JÓNSSON**

Í umsögn Þórólfs Jónssonar, garðyrkjustjóra Reykjavíkurborgar, segir að rannsókn á Tjörninni frá árinu 2008 hafi sýnt slæmar niðurstöður varðandi næringarefni og örverur en skárri með tilliti til þungmálma.

Í nýrri stöðuskýrslu Umhverfisstofnunar um vatnasvæði á Íslandi segir að tjörnin í Reykjavík sé dæmi um tjörn á skipulögðu svæði þéttbýlis þar sem mögulegt aðrennslissvæði sé meira eða minna raskað vegna skipulags.

„Á heildina litið er ástand Tjarnarinnar slæmt og stenst hún því ekki umhverfismarkmið um gott ástand. Því er Tjörnin flokkuð í hættu,“ segir í skýrslu Umhverfisstofnunar.

„Lífræna mengunin var talin vera frá fuglalífi en einnig virtist skólp berast í aðrennsli Tjarnarinnar í Vatnsmýri. Í botnsetinu er einnig nokkuð af þungmálmum, meðal annars blýi, sinki og krómi sem stafar líklega helst af bílaumferð,“ vitnar garðyrkjustjórinn til rannsóknarinnar frá 2008.



**REYKJAVÍKURTJÖRN** Mikil umferð, fugladrit, brauðgjafir og skolp hafa mengað Tjörnina í Reykjavík sem er í slæmu ástandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þórólfur segir ljóst að fuglalífið og brauðgjafir munu áfram skila miklu af lífrænum efnum í Tjörnina. „En síðan rannsóknin var gerð hefur farið fram leit að röngum lagnatengingum og töluverður árangur náðst þar. Mýrarsvæði í friðlandinu í Vatnsmýri hafa verið stækkuð sem ætti að hafa hreinsandi áhrif á vatnið,“ segir meðal annars um vatnsbúskapinn í umsögn garðyrkjustjórans.

Þá er bent á það í umsögninni að plöntuna síkjamara, sem hafi jákvæð áhrif á hreinleika vatns, hafi ekki verið að finna í Tjörninni 2008. „Gerðar hafa verið tilraunir með að planta henni og verður því haldið áfram. Þá er stefnt að því að ítreka hvatningu til borgarbúa um að minnka brauðgjafir, sérstaklega á vorin og sumrin,“ segir Þórólfur sem ekki leggur til umfangsmiklar framkvæmdir.

> **Á heildina litið er ástand Tjarnarinnar slæmt og stenst hún því ekki umhverfismarkmið um gott ástand.**
>
> *Úr stöðuskýrslu Umhverfisstofnunar um vatnasvæði Íslands.*

„Ekki er talið raunhæft að moka upp botnsetinu, bæði er það mjög dýrt en ekki síður þá myndi upprótið við framkvæmdina hafa mjög neikvæðar afleiðingar.“

Um áðurnefnda tillögu á vefnum Betri byggð segir síðan í umsögn garðyrkjustjóra að hreinsun vatnsins hafi verið sinnt og að ýmsar aðgerðir séu í farvatninu. „Tillagan er því óþörf.“ gar@frettabladid.is




Ríkisskattstjóra ætlað lykilhlutverk við höfuðstólslækkun húsnæðislána:

# Útreikningar gríðarlega flóknir

**EFNAHAGSMÁL** Embætti ríkisskattstjóra hefur verið falið miðlægt hlutverk vegna höfuðstólslækkunar íbúðalána. Þetta kom fram á minnisblaði sem Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, lagði fram á ríkisstjórnarfundi í gær.

Tryggvi Þór Herbertsson er verkefnastjóri um framkvæmd höfuðstólslækkunarinnar.

„Tilgangurinn er að afla fjárheimilda til að starfrækja þetta miðlæga hlutverk Ríkisskattstjóra. Við erum búin að vera að vinna að þessu allt þetta ár og sáum að það var augljóslega mikið hagræði í því að hafa þetta allt saman miðlægt, bæði til þess að flýta útreikningum, til að efla öryggi persónuupplýsinga og til að eftirlit væri sem einfaldast og allir útreikningar væru samræmdir.“

Höfuðstólslækkunin krefst flókins kerfis svo útreikningar verði réttir. Tryggvi Þór segir að Ríkisskattstjóri hafi orðið fyrir valinu vegna þess að embættið búi yfir því upplýsingatæknikerfi sem þarf og vegna þess að embættið njóti mikils trausts meðal almennings.

Stærsta hindrun verkefnisins er breyting á lánum frá því að forsendubrestur varð á árunum 2008 og 2009. Þá ber næst að nefna hjónaskilnaði sem hafa leitt til breytinga á lánum en útreikningar vegna þeirra verða gríðarlega flóknir. „90 prósent af okkar vinnu felst í að leysa úr þessum vanda,“ segir Tryggvi Þór.

Fari svo að höfuðstólslækkunin verði að lögum má búast við því að útreikningar almennings verði tilbúnir um mitt ár „Þetta er stærsta upplýsingatækniverkefni Íslandssögunnar.“ - ssb



**GRÍÐARSTÓRT VERKEFNI** Tryggvi Þór Herbertsson er verkefnastjóri um framkvæmd höfuðstólslækkunar íbúðalána.

# Tækifærin eru fyrir hendi

Landsbankinn er í fararbroddi þegar kemur að fjármögnun nýrra verkefna í íslenskum byggingariðnaði. Við styðjum frekari vöxt og fleiri verkefni sem renna stoðum undir atvinnulíf landsins.

**Bygging íbúðarhúsa á öllu landinu**
Hafið á árinu, heimild frá Hagstofu Íslands.




Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## SVONA ERUM VIÐ



**2008** **var eitt sjónvarp á 44% íslenskra heimila,**

**en 28% höfðu tvö sjónvörp til afnota. 14% heimila voru með þrjú sjónvörp og 9% með heil fjögur.**

5% heimila kusu á þeim tíma að vera sjónvarpslaus. *Heimild: Hagstofa Íslands*

Vigdís segir óhjákvæmilegt að líta til starfsmannamála við hagræðingu:

# Vill auka svigrúm til uppsagna

**STJÓRNSÝSLA** Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar Alþingis, telur að auka þurfi svigrúm til uppsagna ríkisstarfsmanna við sameiningu ríkisstofnana. Hún segir að lagaákvæði, eins og það sem kemur fram í frumvarpi til laga um sameiningu sýslumannsembætta, um að enginn núverandi starfsmanna missi starf sitt við fyrirhugaðar breytingar, sé ekki æskilegt í hagræðingu í ríkisrekstri.

„Ég tel að það séu enn þá meiri tækifæri til þess að geta hagrætt frekar í rekstri hins opinbera og því séu ákvæði af þessu tagi ekki til bóta fyrir forstöðumenn ríkisstofnana,“ segir Vigdís.

Hún telur að ef forstöðumenn ríkisstofnana hafi ekki þetta svigrúm þá verði hið minnsta að hafa ákvæði um ráðningarbann og starfsmenn eldist þannig úr stöðugildum því litið sé helst til hagræðingar í starfsmannahaldi við sameiningu og samruna fyrirtækja í einkageiranum. **- eh**



**VIGDÍS HAUKSDÓTTIR** Þingmaðurinn segir ekki æskilegt að lagaákvæði kveði á um að enginn starfsmanna missi starf sitt við breytingar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Raggi Bjarna heiðraður:

# Menningarfólk verðlaunað

**MENNING** Menningarverðlaun DV voru veitt í 35. skipti í Iðnó í gær.

Meðal þeirra sem hlutu verðlaun í sínum flokki voru Atli Rafn Sigurðsson fyrir hlutverk sitt í Englum alheimsins, Sjón fyrir skáldsöguna Mánastein og Guðmundur Jörundsson fyrir hönnun sína.

Alls voru veitt verðlaun í níu flokkum og þar að auki afhenti Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, árleg heiðursverðlaun sem Ragnar Bjarnason, tónlistarmaður, hlaut. **- bþ**



**LEIKIÐ Í KÆNUGARÐI** Ungir strákar að leik í barnaþorpum SOS. MYND/AÐSEND

SOS barnaþorp í Úkraínu:

## Börnin hrædd

**ÚKRAÍNA** Um tvö hundruð börn á aldrinum 0-24 ára búa í barnaþorpum SOS í Úkraínu. Hörð átök hafa geisað í landinu síðan í desember. Sunna Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi SOS á Íslandi, segir að öll börnin séu örugg enn sem komið er.

„Börnin eru mjög örugg inni í þorpinu þó það sé ekki hægt að treysta því að það verði þannig alltaf. Við erum með öryggisgæslu sem á að passa börnin í þessu ástandi.“

Nokkuð hefur borið á ótta hjá börnum innan þorpanna vegna ástandsins „Þetta hefur ekki haft áhrif þannig séð en þau finna fyrir mikilli hræðslu og sjá fréttir.“ **- ssb**

## SPÁNN

### Tíu ár liðin frá árás

Spánverjar minntust þess í gær að tíu ár voru liðin frá hryðjuverkaárásum á lestakerfið í Madríd. 191 lést og um 1.800 slösuðust þegar tíu sprengjur voru sprengdar samtímis í fjórum lestum. Minningarathafnir voru haldnar víða um landið.

## LEIÐRÉTTING

Í blaði gærdagsins var ranglega sagt frá því að Ríkharð Ríkharðsson hefði verið úrskurðaður í gæsluvarðhald. Hið rétta er að Ríkharð var handtekinn vegna málsins en síðan leystur úr haldi.

# Segir málið storm í vatnsglasi

**Fyrrverandi formaður bankaráðs Seðlabankans segir að bankaráð hafi ekki óskað efir upplýsingum frá henni um mál Más Guðmundssonar seðlabankastjóra. Þingmaður telur að Már eigi að endurgreiða málskostnaðinn**

**EFNAHAGSMÁL** „Bankaráðið hefur ekki óskað eftir upplýsingum frá mér um mál Más Guðmundssonar seðlabankastjóra,“ segir Lára V. Júlíusdóttir, fyrrverandi formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands.

Næsti fundur bankaráðs Seðlabankans undir forystu Ólafar Nordal verður á fimmtudag og búist er við að mál Más verði rædd á fundinum.

„Mér finnst sjálfri að þetta mál sé alger stormur í vatnsglasi og það sé verið að draga einstaklinga inn í málið sem vissu ekkert og gátu ekki vitað neitt um það. Svo er verið að spyrja um hluti og atvik sem gerðust fyrir nokkrum árum og er ekki nokkur leið að muna,“ segir Lára.

Hún segir að bankaráð Seðlabankans geti ekki krafið Má um endurgreiðslu á málskostnaðinum. Málinu sé löngu lokið. Það væri eins og að það Alþing sem nú situr færi að draga til baka eitthvað sem greitt var samkvæmt fjárlögum í fyrra eða hittiðfyrra,“ segir Lára.

Pétur Blöndal, þingmaður og fyrsti varaformaður efnahags- og viðskiptanefndar, telur að Már eigi að endurgreiða Seðlabankanum málskostnaðinn, 7,4 milljónir króna.



**PÉTUR BLÖNDAL**

„Mér fannst óeðlilegt að fara í mál við atvinnurekenda sinn. Málið er enn skrítnara eftir að í ljós kom að búið var að ákveða að málskostnaðurinn yrði greiddur af Seðlabankanum áður en Hæstiréttur var búinn að dæma í því. Þeir sem fara í mál eiga að bera kostnaðinn af því sjálfir,“ segir Pétur.

Hann segir það grafalvarlegt að fjármálaráðherra hafi verið látinn gefa Alþingi rangar upplýsingar. „Það sýnir ákveðinn trúnaðarbrest milli þess fólks í Seðlabankanum sem gaf upplýsingarnar, fjármálaráðuneytisins og ráðherrans,“ segir Pétur. Þar á hann við svar sem Seðlabankinn sendi fjármálaráðuneytinu við fyrirspurn um málskostnað Más Guðmundssonar seðlabankastjóra gegn bankanum. Pétur bætir við að sú leynd sem hvíli yfir málinu sé slæm og umræðu um það sé hvergi nærri lokið. Hann segir að Alþingi þurfi að fá nánari skýringar á ýmsu í málinu.

Í hnotskurn snýst málið um að bankinn greiddi málarekstur Más Guðmundssonar bankastjóra gegn bankanum vegna launamála. Formaður bankaráðs tók ákvörðun um að bankinn borgaði. Bankaráð vissi ekki um ákvörðun Láru og fjármálaráðuneytið fékk heldur ekki upplýsingar um málið. Katrín Júlíusdóttir, þáverandi fjármálaráðherra, svaraði fyrirspurn um málskostnaðinn á Alþingi. Hún byggði svar sitt alfarið á upplýsingum frá bankanum en í svarinu var hvergi ýjað að því að bankinn ætlaði að borga málskostnaðinn. **johanna@frettabladid.is**



> **Mér finnst sjálfri að þetta mál sé alger stormur í vatnsglasi og það sé verið að draga einstaklinga inn í málið sem vissu ekkert**
>
> *Lára V. Júlíusdóttir, fyrrverandi formaður bankaráðs Seðlabankans*



**MÁR Á AÐ ENDURGREIÐA** Fyrsti varaformaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis telur að Már Guðmundsson eigi að endurgreiða bankanum málskostnað vegna launamála, alls 7,4 milljónir króna. FRETTABLAÐIÐ/PJETUR

## Gaf hugsanlega villandi upplýsingar

Í yfirlýsingu sem bankinn sendi frá sér í gær segir að í bréfi til ráðherrans í lok janúar 2013 hafi ekkert verið rangt og því ekki hægt að halda því fram að ráðherrann hafi gefið þinginu rangar upplýsingar.

Bankinn slær hins vegar þann varnagla að í ljósi þess sem nú hafi komið fram, að seðlabankastjóra hafði verið gefið vilyrði fyrir því að Seðlabankinn myndi greiða málskostnað hans, ef einhver yrði, áður en hann áfrýjaði málinu til Hæstaréttar megi hugsanlega halda því fram að ein setning í svarinu hafi verið villandi.

„Í dómsorði var kveðið á um að málskostnaður falli niður. Seðlabankastjóri áfrýjaði dómi héraðsdóms til Hæstaréttar, sem hefur tekið málið til meðferðar, og því liggur á þessari stundu ekki fyrir hvort þessi niðurstaða er endanleg.“ Það er setningin um dómsorðið sem eftir á að hyggja gæti talist villandi, segir bankinn og bætir við að sé svo sé beðist velvirðingar á því.

Þá kemur fram í yfirlýsingunni að þeir sem undirrituðu bréfin fyrir hönd Seðlabankans hafi gert það samkvæmt bestu upplýsingum og samvisku. „Þeir vissu ekki endilega af vilyrðinu til seðlabankastjóra enda ekki nauðsyn á því eins og spurningarnar voru lagðar upp. Svör við spurningunum voru bornar undir formann bankaráðs og gerði hún athugasemdir sem tekið var tillit til,“ segir í yfirlýsingu Seðlabanka.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 16° | Friedrichshafen | 16° | New York | 9° |
| Aþena | 15° | Gautaborg | 9° | Orlando | 26° |
| Basel | 17° | Kaupmannahöfn | 9° | Ósló | 10° |
| Berlín | 14° | Las Palmas | 20° | París | 17° |
| Billund | 12° | London | 15° | San Francisco | 19° |
| Frankfurt | 17° | Mallorca | 16° | Stokkhólmur | 10° |

**Á MORGUN** 10-18 m/s.




**FÖSTUDAGUR** 3-8 m/s.




**UMHLEYPINGAR** Heldur úrkomusamt á landinu næsta sólarhringinn en í kvöld snýr hann sér í vestanátt með éljum og heldur kólnandi veðri. Úrkomulítið og léttir til eystra á morgun en áfram éljagangur á vesturhluta landsins.

**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




# Evrópu- og heimsmeistari

Það er skammt stórra högga á milli hjá Volkswagen Golf þessa dagana. Ekki er langt síðan Golf var kosinn bíll ársins í Evrópu 2013 á bílasýningunni í Genf og síðan bættist við enn ein rósin í hnappagatið þegar 66 bílablaðamenn hvaðanæva að útnefndu hann bíl ársins í heiminum á bílasýningunni í New York.

Í vor eru 40 ár liðin síðan Golf kom fyrst á markað og setti ný viðmið í hönnun fjölskyldubíla. Viðtökurnar við þessari sjöundu kynslóð sýna svo ekki verður um villst að enn er Volkswagen Golf fremstur meðal jafningja.

**Volkswagen Golf kostar frá**

**3.540.000 kr.***

*Golf Trendline, 1.4 TSI, beinskiptur, 122 hestöfl.

CAR OF THE YEAR 2013

WORLD CAR AWARDS 2013
WORLD CAR DESIGN OF THE YEAR

Das Auto.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hver var kostnaður Seðlabankans vegna málaferla Más Guðmundssonar bankastjóra gegn bankanum?
**2.** Hvaða íslenska fatahönnuði var boðið á Copenhagen Fashion Summit?
**3.** Hvað heitir bók Sólveigar Jónsdóttur sem útgáfufyrirtæki á Ítalíu ætlar að gefa út?

**SVÖR:** **1.** 7,4 milljónir króna. **2.** Guðmundi Jörundsyni. **3.** Korter.

Þingflokksformaður Framsóknarflokks segir ESB-málið í eðlilegum farvegi:

# Vilja koma ESB-tillögu í nefnd

**ALÞINGI** Ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á að fyrstu umræðu um viðræðuslit við ESB ljúki í vikunni og að umræðunni lokinni fari þingsályktunartillögur Framsóknarflokksins, Pírata og Vinstri grænna til utanríkismálanefndar.

„Þetta er allt í mjög eðlilegum farvegi og málið heldur áfram eins og hvert annað þingmál,“ segir Sigrún Magnúsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokksins.

Stjórnarandstaðan hefur aftur á móti lagt mikla áherslu á að samkomulag náist um hvernig málinu verði háttað, áður en tillögurnar fara til nefndarinnar. Slíkt samkomulag hefur ekki náðst. Helgi Hjörvar, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, segir umræðu um málið hvergi nærri lokið. „Umræðan heldur áfram síðdegis á morgun og það eru mjög margir á mælendaskrá og þeir verða enn fleiri. Umræðan er í raun enn á byrjunarstigi og þetta er svo stórt og vont mál að það verður í umræðu vikum saman. Það er enn mikið eftir,“ segir Helgi. - skó



**EKKERT SAMKOMULAG** Langar umræður standa á Alþingi um ESB-þingsályktunartillögu Gunnars Braga Sveinssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Rafbílavæðingin styrkt:

# Tíu stöðvar væntanlegar

**SAMGÖNGUR** Fyrsta hraðhleðslustöðin var opnuð í gær en þar er hægt að fá hleðslu á rafbíla.

Stöðin er rekin af Orku náttúrunnar og er staðsett við höfuðstöðvar fyrirtækisins á Bæjarhálsi. Þetta er fyrsta stöðin af tíu sem komið verður upp á næstu mánuðum. Sex stöðvar verða á höfuðborgarsvæðinu og svo ein í Reykjanesbæ, Borgarnesi, á Laugarvatni og Selfossi. - ebg



**GIRÐING** Mótmælendur hafa slegið í girðingu til að búa til hávaða. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Enn mótmælt á Austurvelli:

# Mótmælendur vildu girðingu

**SAMFÉLAG** Mótmælendur á Austurvelli hrópuðu að þeir vildu girðinguna aftur við mótmæli á Austurvelli í gær.

Girðingin hefur verið sett upp til verndar Alþingishúsinu síðustu vikur og hefur nýst vel til að berja í og búa til hávaða. Hafa einhverjir haft á orði að vegna hennar sé ónauðsynlegt að mæta með potta og pönnur á mótmæli.

Í gær var aftur á móti engin girðing og því mótmæltu mótmælendur. Boðað hefur verið til mótmæla í dag og á morgun klukkan 17. - ebg

Ögmundur um heilsugæslu:

# Einkavæðing er ekki rétta ráðið

**HEILBRIGÐISMÁL** Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, sagði í ræðu sinni á Alþingi í gær einkavæðingu ekki vera ráð til að bregðast við vanda heilsugæslunnar. Sagði hann að það vantaði meiri fjármuni og bregðast ætti við aðvörunarorðum heilsugæslunnar.



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**

Einnig benti hann á að bráðamóttakan á Landspítalanum teldi sig ekki lengur ráða við álagið sem verður til vegna niðurskurðar í heilsugæslunni. - ebg

# Sex af 37 slökkviliðum með gildar brunavarnaáætlanir

Á annan tug slökkviliða á landinu hefur aldrei skilað inn brunavarnaáætlun, eins og lög frá árinu 2000 gera ráð fyrir. Grafalvarlegt að sveitarfélögin hundsi svo mikilvægt atriði, segir forstjóri Mannvirkjastofnunar.



**Á VETTVANGI** Án brunavarnaáætlunar er hvergi kortlagt hvort slökkvilið geti uppfyllt lögbundnar skyldur sínar. Svo á við um 14 af 37. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**ÖRYGGISMÁL** Af 37 slökkviliðum sem starfa hér á landi hafa sex gilda brunavarnaáætlun. Á annan tug slökkviliða hefur aldrei staðið skil á áætlun, eða frá því árið 2000 þegar lög um brunavarnir tóku gildi.

„Mér finnst það grafalvarlegt að sveitarfélögin hundsi það að skrá niður hvernig björgunarmálum þeirra er háttað, og skila ekki inn brunavarnaáætlun. Þetta er þeirra eigið öryggi og íbúar eiga kröfu á að fá þessar upplýsingar. Sveitarstjórnarmenn eiga jafnframt að vera vel upplýstir,“ segir Björn Karlsson, forstjóri Mannvirkjastofnunar.

Samkvæmt lögum skal á hverju starfsvæði slökkviliðs liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur samþykki Mannvirkjastofnunar og sveitarfélagsins. Áætlunin á að tryggja að slökkvilið hvers svæðis sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin.

Björn segir það eitt að það dragist að skilað sé inn endurskoðaðri áætlun á fimm ára fresti. Hins vegar sé þetta annað mál, og virkilega ámælisvert, í tilfelli þeirra sveitarfélaga þar sem látið hefur verið undir höfuð leggjast að sinna þessu mikilvæga atriði, í vel á annan áratug. „Þetta lýtur að því hverjar eru helstu hætturnar og hver staða liðsins er; mönnun þess og þjálfun.“



**BJÖRN KARLSSON**

Sveitarstjórn ber ábyrgð á starfsemi slökkviliðs og framkvæmd eldvarnaeftirlits. Mannvirkjastofnun fer aftur með yfirumsjón með slökkvistarfi sveitarfélaga og eftirlitshlutverk, þar á meðal því sem lýtur að nefndum áætlunum.

„Aðalatriðið er að sveitarfélagið ber ábyrgð á eigin öryggi. Þeir geri sér grein fyrir hver staða málsins er, og geti þannig tekið ábyrgð. Og að þegnarnir geti aflað sér upplýsinga. Hvað varðar ábyrgð Mannvirkjastofnunar í þessu, og spurninguna hvað stofnunin er búin að gera og af hverju staðan er svona, þá höfum við margsinnis skrifað þessum sveitarfélögum og varað þau við. Við höfum nýverið tekið upp á því að hóta að málið verði tekið sérstaklega fyrir með umhverfisráðuneytinu, og þaðan fari málið til ráðuneytis sveitarstjórnarmála; innanríkisráðuneytisins. Þetta er í raun það eina sem við getum gert,“ segir Björn og bætir við að skýringar sveitarfélaganna séu oftar en ekki sameiningar sveitarfélaga. Mannvirkjastofnun hefur engin þvingunarúrræði í hendi til að þrýsta á sveitarfélögin.

svavar@frettabladid.is

## Til að skilgreina búnað, getu og áhættu

Brunavarnaáætlanir skilgreina búnað, getu og áhættu.

- Á Íslandi eru 37 slökkvilið*
- Hafa gilda brunavarnaáætlun; Akranes, Borgarbyggð, Fjallabyggð, Hornafjörður og Brunavarnir Suðurnesja [atvinnuslökkvilið].
- Fjórtán slökkvilið hafa aldrei skilað inn brunavarnaáætlun; þeirra á meðal Brunavarnir á Austurlandi, Fjarðabyggð [atvinnuslökkvilið], Grundarfjörður, Skagaströnd, Stykkishólmur og Vesturbyggð.
- Átján hafa ekki skilað endurskoðaðri brunavarnaáætlun.

*Samkvæmt lista Mannvirkjastofnunar um starfandi slökkviliðsstjóra.*




Otrivin Menthol ukonserveret, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xýlómetazólínhýdróklóríð 1 mg/ml. Ábendingar: Bólgur og aukin slímmyndun í nefi, kinnholum og nefkoki. Skammtar og lyfjagjöf: Fyrir fullorðna og börn eldri en 12 ára: 1 úði í hvora nös 3 sinnum á sólarhring eftir þörfum, lengst í 10 sólarhringa og ekki úða oftar en að hámarki 3 úða í hvora nös á sólarhring. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðaðu úðaflöskuna milli fingranna. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örlítið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn eða ert með þrönghornsgláku. Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert: Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirkum efnum, ert með skjaldvakaóhóf, sykursýki, háþrýsting, æðakölkun, slagæðargúlp, blóðtappa í hjarta, óreglulegan eða hraðan púls, erfiðleika við þvaglát, æxli í nýrnahettum, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

# Lífrænn kjúklingur á dönskum dögum




**Lífrænn kjúklingur**
**1,2 kg**
**2.199 kr/stk**
verð áður 2.699

**Lífræni kjúklinga framleiðandinn Rose fylgir ströngum reglum um lífrænan búskap.**

**Kjúklingurinn fær óheftan aðgang að útiveru, lífrænu fóðri og vatni.**



**Jensen's sósur**
- Bearnaisesósa
- Piparsósa
- Favorit-sósa
- Whisky-sósa




**Malaco sælgæti**
*Nýjungar á dönskum dögum.*

direkte fra **Danmark**




**Enjoy og Faxe Kondi**
*Danskir drykkir.*

direkte fra **Danmark**




**499 kr/stk**
v.á. 579

**3 Stjernet Salami**
*Ekta dönsk salami.*

direkte fra **Danmark**




**Jolly Cola**
*Ómissandi drykkur á dönskum dögum.*

direkte fra **Danmark**




**Harboe safi**
*Hreinn safi - ekta danskur.*

direkte fra **Danmark**




**Kims rugkanter**
*Hollara snakk.*

direkte fra **Danmark**




**Steff Houlberg**
*Dansk Hakkebøf med løg. Kamsteg med rødkål.*

direkte fra **Danmark**




**Toms súkkulaði**
*Gæða súkkulaði, nammi namm.*

*Gildir til 16. mars á meðan birgðir endast.*

**24 Hagkaup**
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*




Frumvarp um breytingu á lögum um stöðu og starf þjóðkirkjunnar:

# Sjálfstæði þjóðkirkjunnar aukið

**TRÚMÁL** Innanríkisráðherra, Hanna Birna Kristjánsdóttir, kynnti á ríkisstjórnarfundi í gær frumvarp samið í samræmi við tillögu sem samþykkt var á kirkjuþingi í fyrra um breytingu á lögum um þjóðkirkjuna.

Í frumvarpinu felst fyrst og fremst sú breyting að veita kirkjuþingi auknar heimildir til að setja starfsreglur um ýmis atriði í stjórnskipan kirkjunnar.

Frumvarpið er sagt liður í áframhaldandi starfi við að auka sjálfstæði kirkjunnar.

Kirkjuþing telur brýna nauðsyn bera til að breyta tilteknum atriðum í núgildandi lögum til einföldunar og hagræðingar í rekstri þjóðkirkjunnar auk fleiri þátta.

Meðal þess sem lagt er til í frumvarpinu er að kirkjuþing setji ákvæði í starfsreglur um kirkjuaga innan þjóðkirkjunnar og að stigið verði það skref að stjórn fjármála færist til kirkjuþings. - ibs



**Á KIRKJUÞINGI** Kirkjuþing getur haft frumkvæði að frumvörpum til laga um kirkjuleg málefni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fluttur nær dauða en lífi á sjúkrahús

Maður leið alvarlegan insúlínskort á meðan hann var í haldi lögreglu. Maðurinn segist hafa beðið um insúlínsprautu en ekki fengið. Lögmaður mannsins hyggst fara fram á að málið verði rannsakað en ekki hefur verið tekin ákvörðun um kæru.

**LÖGREGLUMÁL** Maður á fertugsaldri féll í dá vegna alvarlegs insúlínskorts á meðan hann var í haldi lögreglu. Atvikið átti sér stað í lok febrúar síðastliðins en maðurinn hafði verið handtekinn grunaður um líkamsárás.

Maðurinn er haldinn sykursýki 1 og þarf reglulega insúlínskömmtun. Hann segir að hann hafi margbeðið lögreglu um að veita sér insúlín en án árangurs. Ekki er vitað hvers vegna lögreglan varð ekki við beiðni mannsins.

Insúlínskömmtun sjúklinga með sykursýki er misjöfn en dæmi eru um að sjúklingar sprauti sig með insúlíni nokkrum sinnum á dag. Mikilvægt er að viðhalda insúlínmagni líkamans en ef slæm stjórn er á insúlíngjöf getur það haft varanleg áhrif á líkamsstarfsemi sjúklings og skemmt líffæri.

Maðurinn kom á gjörgæsludeild Landspítalans í fylgd lögreglu og haft var samband við nánustu ættingja mannsins þegar alvarlegt ástand hans var ljóst. Maðurinn segir að sér hafi vart verið hugað líf þegar hann kom á sjúkrahúsið. Lífshættulegt ástand skapaðist en manninum var haldið sofandi nokkra hríð vegna þess hve ástand hans var alvarlegt. Hann dvaldi á spítalanum í nokkra daga.

Lögmaður mannsins, Guðmundur St. Ragnarsson, segir að farið verði fram á lögreglurannsókn vegna málsins „Hann var fluttur nær dauða en lífi á spítalann. Ég mun óska eftir því að lögreglan upplýsi hvað átti sér þarna stað.“

Guðmundur segir að ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvort atvikið verði kært til lögreglu enda liggi ekki nægar upplýsingar fyrir um tildrög þess.

Ekki er leyfilegt að halda mönnum sem hafa verið handteknir lengur en í sólarhring ef ekki er óskað gæsluvarðhalds. Það er því ljóst að hið lífshættulega ástand mannsins skapaðist á nokkrum klukkustundum.

Heimildir Fréttablaðsins herma að lögregla hafi vaktað manninn um skamma hríð á meðan hann lá á gjörgæsludeild. Maðurinn er kominn úr lífshættu og dvelur ekki lengur á spítalanum.

snaeros@frettabladid.is




**TÓK LYFIN SÍN** Náinn aðstandandi mannsins fullyrðir við Fréttablaðið að hann hafi tekið insúlínskammt sinn áður en hann var handtekinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Sýrudá er lífshættulegt ástand

Sykursýki 1 er sjálfsofnæmissjúkdómur sem veldur því að sjúklingur framleiðir ekki nóg insúlín. Langvarandi insúlínskortur leiðir af sér kviðverki, uppköst og að lokum dá sem getur leitt til dauða.

Rafn Benediktsson, yfirlæknir innkirtla- og efnaskiptasjúkdóma á Landspítalanum, segir að mjög persónubundið sé hve hratt insúlínskortur hefur áhrif á líkamann. Falli sjúklingur í dá, öðru nafni sýrudá, vegna insúlínskorts myndast lífshættulegt ástand sem þarf að meðhöndla hratt.

ÚTIVIST

Aðalfundur Ferðafélagsins Útivistar verður haldinn fimmtudaginn 27. mars 2014 kl. 20. Fundurinn verður haldinn í Skaftfellingabúð Laugavegi 178 4. hæð (eystri inngangur).

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf, lagabreytingar.

Ferðafélagið Útivist




Þjóðaratkvæðagreiðsla verður haldin innan þriggja ára á Nýja-Sjálandi:

# Vilja kjósa um nýjan þjóðfána

**NÝJA SJÁLAND, AP** Nýsjálendingar ætla að kjósa um hvort þjóðfána þeirra verði breytt en margir telja að hann tengist um of nýlendufortíð landsins.

Forsætisráðherrann John Key hefur tilkynnt að þjóðaratkvæðagreiðsla verði haldin innan þriggja ára. Stjórnarandstæðingar segjast ætla að halda málinu til streitu, jafnvel þótt þeir beri sigurorð af Key í þingkosningum í haust.

Gagnrýnendur þjóðfánans segja að hann líkist um of ástralska fánanum og endurspegli því ekki aukið sjálfstæði Nýja-Sjálands frá nýlenduherrum sínum, Bretum. Key segist sjálfur vilja fána með silfurlitaðri fjöður með svörtum bakgrunni en þannig fánar eru vinsælir á meðal nýsjálenskra íþróttaliða. Andstæðingar þess fána segja hann líkjast um of íþróttafánum og sé einnig of líkur sjóræningjafánum.

Ekki er víst hversu mikinn stuðning nýr þjóðfáni myndi fá á Nýja-Sjálandi. Í skoðanakönnun í síðasta mánuði vildu aðeins 28 prósent aðspurðra breytingu á núverandi fána. - fb

**1840** Árið sem Nýja-Sjáland varð bresk nýlenda.




**SVARTI FÁNINN** Þessi svarti fáni gæti orðið næsti þjóðfáni Nýja-Sjálands. MYND/AP






**Edmonton – nýr áfangastaður**

Þann 6. mars hófst beint áætlunarflug Icelandair til Edmonton og þangað verður flogið 4–5 sinnum í viku, árið um kring. Edmonton er höfuðborg Albertafylkis í Kanada, þróttmikil viðskipta- og menningarborg sem stundum er kölluð „græna hátíðaborgin". Þar bíða þín ríkuleg tækifæri til útivistar og afþreyingar: 84 golfvellir, 20 leikhús, 60 gallerí, söfn, þjóðgarðar og hið víðfræga Edmonton Mall með fleiri en 800 verslunum. Edmonton er sannarlega jafnoki margra stórborga.

+ Bókaðu núna á icelandair.is

Vertu með okkur

ICELANDAIR

FERÐAMÁLASAMTÖK HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

**Aðalfundur**

Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins 2014 verður haldinn 28. mars kl.14:00 á Icelandair Hotel, Reykjavik Natura.

**Dagskrá:**
Setning fundar
Sveitastjórnarfólk ræðir um tækifæri og framtíðarsýn höfuðborgarsvæðisins.
Skýrsla fráfarandi stjórnar
Kosning til stjórnar og formanns
Lagabreytingar

**Skráning á heimasíðu www.ferdamalasamtok.is**

GILDIR MIÐVIKU- & FIMMTUDAG
48 TÍMA OFURTILBOÐ



ZANUSSI
Zanussi er dótturmerki Electrolux

ZAN-3910 Ryksuga
Vönduð heimilisryksuga með 7 metra vinnuradíus og góðan sogkraft.
✓ Óragnasía
✓ Stálskaft og mjúk hjól fyrir parket
✓ Stillanlegur sogkraftur
✓ Fullt verð kr. 16.990

VERÐ MIÐVIKU- & FIMMTUDAG KR.
7.777
55% AFSLÁTTUR

Rafha
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500 www.rafha.is




**ANNAÐHVORT EÐA** Fólk gengur fram hjá veggspjaldi í borginni Sevastopol á Krímskaga þar sem stendur: „Hinn 16. mars munum við kjósa um annaðhvort … eða …“ Til vinstri er Krímskagi undir stjórn hægriöfgaflokka með tilheyrandi hakakrossi og gaddavír. Til hægri er Krímskagi undir stjórn Rússa með tilheyrandi rússneskum fána. NORDICPHOTOS/AFP

Þjóðaratkvæðagreiðsla verður haldin á Krímskaga á sunnudaginn:

# Hægriöfgar eða rússnesk yfirráð

**ÚKRAÍNA, AP** Þingið á Krímskaga ætlar að lýsa yfir sjálfstæðu ríki ef íbúar á svæðinu samþykkja í þjóðaratkvæðagreiðslu á sunnudaginn að slíta sig frá Úkraínu.

Þjóðaratkvæðagreiðslan felur í sér að Krímskagi slíti sig frá Úkraínu og verði hluti af Rússlandi. En miðað við yfirlýsingu þingsins gæti orðið bið á því að svæðið verði hluti af Rússlandi. Allt fer það samt eftir samningaviðræðum Vladímírs Pútín, forseta Rússlands, við Vesturlönd.

Stjórnmálafræðingurinn Vadím Karasjov, sem er búsettur í Kænugarði í Úkraínu, segir að tilkynning þingsins feli í sér „skilaboð til Vesturlanda um að það kemur ekki til greina að Rússland taki yfir stjórnina á Krímskaga“.

Bætti hann við að ummælin ættu að róa Vesturlöndin og marga Úkraínumenn sem hafa óttast yfirráð Rússa á svæðinu til langs tíma. - fb

ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT

CLIO DÍSIL
3,4 L/100 KM*



ENNEMM / SÍA / NM61310

RENAULT CLIO – VERÐ FRÁ 2.390.000 KR.

Renault Clio er einn vinsælasti bíllinn á Íslandi. Þegar fallegt útlit, ríkulegur staðalbúnaður, úrval sparneytinna bensín- og dísilvéla, hagstætt verð og einstök ný „Dual Clutch“ sjálfskipting smellur saman er ástæðan augljós. Komdu og reynsluaktu nýjum Renault Clio.

FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU

RENAULT
www.renault.is

*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080



**ELDHEIMAR** Safnið á að draga að sér marga gesti. MYND/ÓSKAR

Gosminjasafn á lokaspretti:

## Kostnaðurinn 902 milljónir

**SÖFN** Gosminjasafnið Eldheimar í Vestmannaeyjum heldur áfram að hlaða utan á sig kostnaði. Í svari við fyrirspurn Ragnars Óskarssonar á síðasta bæjarráðsfundi sagði að heildarkostnaður með viðbótarverkum stefndi í 902 milljónir króna. Ragnar spurði um upphaflega kostnaðaráætlun vegna Eldheima og kvaðst framkvæmdastjóri verkefnisins mundu leggja það fram á næsta fundi. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir hefur Fréttablaðið ekki fengið kostnaðaráætlunina frá bæjarskrifstofunum. - gar

Nemendur fóstra Reykjaveg:

## Sinna viðhaldi og stika veginn

**SAMFÉLAGSMÁL** Framhaldsskólar á höfuðborgarsvæðinu boða til samráðsfundar um að „fóstra“ vissa parta Reykjavegarins frá Reykjanestá að Þingvallavatni. Hugmyndin er sú að starfsfólk nokkurra framhaldsskóla og nemendur muni, í samstarfi við Umhverfisstofnun, sinna viðhaldi og stika veginn. Fundurinn verður haldinn í Fjölbrautaskólanum við Ármúla klukkan 15 í dag.

Skólarnir munu skipta veginum milli sín og gera hann aðgengilegri. Þannig er hugsað að færa skólann á virkan hátt út fyrir skólastofuna og að skólarnir leggi sitt af mörkum til samfélagsins. - skó



**MINNINGARATHÖFN** Japanskur maður biður við minnisvarða þar sem nöfn fólks sem fórst í flóðbylgjunni fyrir þremur árum hafa verið skrifuð. MYND/AP

19 þúsund fórust í Japan:

## Þrjú ár liðin frá flóðbylgjunni

**JAPAN, AP** Þrjú ár voru í gær liðin síðan kröftugur jarðskjálfti og flóðbylgja gekk yfir Japan með þeim afleiðingum að hátt í nítján þúsund manns fórust. Forsætisráðherrann Shinzo Abe hét því að setja aukinn kraft í enduruppbyggingu á þeim svæðum sem urðu verst úti í hamförunum.

Uppbygging svæðisins hefur gengið hægt fyrir sig, meðal annars vegna skorts á hæfum starfsmönnum og byggingarefni. Einnig hefur hreinsun vegna geislavirkninnar sem leystist úr læðingi frá Fukushima-kjarnorkuverinu gengið erfiðlega.

Um 270 þúsund manns hafa ekki snúið aftur til heimila sinna eftir hamfarirnar. - fb

**FJARSKIPTI**

### Ljósleiðari í Hveragerði

Áætlað er að að öll hús í þéttbýli Hveragerðis verði tengd ljósleiðara fyrir næstu áramót. „Í dag eru 312 heimili tengd ljósleiðarakerfinu en þau 674 heimili sem eftir eru geta notið þjónustu um ljósleiðara í lok árs,“ segir bæjarráð Hveragerðis sem fagnar þessum áformum Gagnaveitu Reykjavíkur.

Akureyrarbær þarf að borga bætur og kostnað vegna brota á reglum við innkaup fyrir sundlaugina:

# Hugðist kaupa rennibraut á tvöföldu verði

**STJÓRNSÝSLA** Akureyrarbær hugðist kaupa vatnsrennibraut fyrir sundlaug bæjarins á 99 milljónir króna þótt fyrir lægju tvö meira en helmingi lægri tilboð.

Akureyrarbær bauð í ágúst í fyrra átta fyrirtæki að taka þátt í „verðkönnun“ vegna fyrirhugaðra kaupa á vatnsrennibraut. Við mat á tilboðum átti verð að gilda 50 prósent, útfærsla rennibrautar 45 prósent og útfærsla og afhendingartími fimm prósent. Þrjú tilboð með mismunandi útfærslum bárust. Þau voru frá Á. Óskarssyni ehf. upp á um 28 milljónir króna, frá Spennandi ehf. sem bauð ríflega 45 milljónir og rúmlega 99 milljóna tilboð frá Altis ehf. sem bærinn tilkynnti í desember að semja ætti við.

Spennandi ehf. kærði málið í janúar til kærunefndar útboðsmála. Í lok janúar hætti bærinn við kaupin. Kærunefndin segir ljóst að innkaupaferlið hafi ekki verið í samræmi við lög um opinber innkaup. Spennandi hafi átt raunhæfa möguleika á að verða valið hefði lögmætu innkaupaferli verið fylgt. Bærinn væri skaðabótaskyldur gagnvart Spennandi og ætti líka að greiða fyrirtækinu 450 þúsund króna kostnað vegna kærunnar. Tilboð þriðja fyrirtækisins mun hafa verið um 28 milljónir króna en öll voru tilboðin með mismunandi útfærslum.

Nýtt útboð samkvæmt lögum og reglum er nú hafið með skilafresti 24. mars. - gar



**SUNDLAUGIN Á AKUREYRI** Bið verður á kaupum á nýrri vatnsrennibraut. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN


**Það hefur aldrei verið auðveldara að telja fram**

**Skilafrestur er til 21. mars**

Rafræn skilríki á korti
Skilríki á debet- eða snjallkorti
Settu kortið í lesarann
Innskráning
› Hvað eru rafræn skilríki?

Rafræn skilríki á farsíma
Skilríki á farsíma
Sláðu inn símanúmer:
Innskráning
Farsíminn þinn þarf að vera með rafræn skilríki

Veflykill ríkisskattstjóra
Skilyrtir reitir eru merktir með stjörnu (*)
Kennitala *
Veflykill *
Innskráning
› Týndur veflykill

**Skilafrestur**
Almennur skilafrestur fyrir launamenn og einstaklinga með eigin atvinnurekstur er til **21. mars.**
Unnt er að sækja um lengri frest á skattur.is og getur hann lengstur orðið til 1. apríl.
Framtal barns skal fylgja framtali framfæranda.

**Upplýsingar á framtali**
Áríðandi er að framteljandi athugi hvort áritaðar fjárhæðir og aðrar upplýsingar séu í samræmi við gögn og upplýsingar sem hann hefur sjálfur undir höndum.

**Auðkenning**
Unnt er að auðkenna sig með þrenns konar hætti, þ.e. með rafrænum skilríkjum á debetkorti, rafrænum skilríkjum í gsm síma og með veflykli RSK.
Veflykla má fá senda í heimabanka eða með bréfapósti.

**Símaþjónusta í 442-1414**
Í mars verður veitt aðstoð í síma 442-1414 alla virka daga frá kl. 9:30 til 15:30.
Dagana 21. mars, 31. mars og 1. apríl verður þjónustan í boði til kl. 19:00.

**skattur.is**

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI | rsk@rsk.is | 442 1000 Þjónustuver 9:30-15:30 | FYRIRMYNDARSTOFNUN 2013

Nánari upplýsingar á **rsk.is**

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

# HYUNDAI NOTAÐIR

Gott úrval notaðra bíla á staðnum.
Komdu í heimsókn eða skoðaðu heimasíðuna;
www.hyundai.is / notaðir bílar.

ALLT AÐ 80% FJÁRMÖGNUN

HYUNDAI Nr. 120343



HYUNDAI ix35 GLS
Nýskr 06/2011, ekinn 58 þús.
bensín, sjálfskiptur
VERÐ
4.090 þús.

HYUNDAI Nr. 120134



HYUNDAI GETZ GLS
Nýskr 10/2009, ekinn 43 þús.
bensín, beinskiptur
VERÐ:
1.540.000 kr.

HYUNDAI Nr. 120200



HYUNDAI SANTA FE II LUX
Nýskr 03/2009, ekinn 137 þús.
dísil, sjálfskiptur
VERÐ:
4.290.000 kr.

HYUNDAI Nr. 270399



HYUNDAI i40 WAGON PREMIUM
Nýskr 05/2012, ekinn 79 þús.
dísil, sjálfskiptur
VERÐ:
4.990.000 kr.

HYUNDAI Nr. 141808



HYUNDAI i30 WAGON COMFORT
Nýskr 06/2011, ekinn 83 þús.
bensín, sjálfskiptur
VERÐ:
2.620.000 kr.

HYUNDAI Nr. 141940



HYUNDAI i30 CLASSIC
Nýskr 03/2010, ekinn 65 þús.
bensín, beinskiptur
VERÐ:
1.720.000 kr.

HYUNDAI Nr. 120351



HYUNDAI i10 GL
Nýskr 06/2011, ekinn 98 þús.
bensín, beinskiptur
TILBOÐSVERÐ:
990.000 kr.

HYUNDAI
Kauptúni 1
Sími 575 1200


Starfsmaður sænska ríkisútvarpsins skotinn til bana úti á götu í Kabúl:

# Sænskur blaðamaður drepinn

**AFGANISTAN, AP** Sænskur blaðamaður var skotinn til bana í gær á meðan hann var á spjalli við þýðanda úti á götu í Kabúl, höfuðborg Afganistans.

Þetta er í annað sinn á tveimur mánuðum sem útlendingar eru drepnir á þessu annars rólega svæði í borginni.

Sjónarvottar segja að tveir menn hafi gengið að blaðamanninum og annar þeirra hafi dregið fram skammbyssu og skotið hann í höfuðið. Tveir menn hafa einmitt verið handteknir, grunaðir um árásina.

Hinn 51 árs Nils Horner, sem var einnig með breskt ríkisfang, hafði starfað fyrir sænska ríkisútvarpið frá árinu 2001 sem erlendur fréttaritari.

Lögreglan rannsakar hvort um hafi verið að ræða árás þar sem útlendingur var skotmarkið eða hvort hún hafi verið persónuleg. Zabihullah Mujahid, talsmaður talibana, neitaði því að samtökin bæru ábyrgð á árásinni. Tveir mánuðir eru liðnir síðan talibanar gerðu sjálfsmorðs- og skotárás á líbönskum veitingastað á sama svæði þar sem þrettán útlendingar og átta Afganar létust. - fb



NILS HORNER

**29** Að minnsta kosti 29 blaðamenn hafa verið drepnir í Afganistan frá árinu 1992.

# Farþegaflugvélin breytti um stefnu

Týnda Boeing-farþegaflugvélin í Malasíu breytti um stefnu. Samkvæmt ratsjá var hún komin hundruð kílómetra frá því svæði sem síðast var vitað um ferðir hennar. Ekkert er vitað um ástæðuna fyrir þessari dularfullu stefnubreytingu vélarinnar.

**MALASÍA, AP** Malasíski herinn segist hafa undir höndum sönnunargögn frá ratsjá sem sýna að hin týnda Boeing 777-farþegaþota hafi breytt um stefnu. Hún náði alla leið til Malakkasunds, hundruð kílómetra frá því svæði þar sem síðast var vitað um ferðir hennar.

Rodzali Daud, yfirmaður malasíska flughersins, sagði að ratsjá á herstöð hefði orðið vör við flugvélina skammt frá eyjunni Lulau Perak, sem er norðanmegin á sundinu. Annar háttsettur yfirmaður í hernum staðfesti fregnina og bætti við að allt benti til þess að vélin hefði verið í lágflugi.

Interpol sendi í gær frá sér mynd af tveimur Írönum, sem ferðuðust með stolin vegabréf, um borð í flugvélinni, sem ekkert hefur spurst til síðan á laugardaginn. Þeir heita Pouri Nourmohammadi, nítján ára, og Delavar Seyedmohammaderza, 29 ára. Talið er að nítján ára pilturinn hafi ætlað að sækja um hæli í Þýskalandi. Noble segir að miðað við þessar upplýsingar hafi dregið úr líkunum á því að flugvélin hafi horfið vegna hryðjuverka.

Ekkert brak úr flugvélinni hefur fundist. Malasísk yfirvöld höfðu stækkað leitarsvæði sitt í von um að finna vélina en munu nú einbeita sér að Malakkasundi. Að sögn flugfélagsins Malaysia Airlines sendu flugmennirnir ekki út neyðarkall, sem bendir til þess að eitthvað hafi gerst í skyndi án þess að þeir hafi getað látið vita í tæka tíð. Á meðal þess sem talið er að hafi getað gerst er að flugmennirnir hafi gert mistök, vélarbilun hafi orðið og að flugrán eða hryðjuverk hafi verið framið. freyr@frettabladid.is

## Stækkuðu leitarsvæðið

**Leitin að farþegaflugvélinni sem hvarf sporlaust á laugardaginn með 239 manneskjur um borð hefur engan árangur borið. Níu lönd hafa tekið þátt í leitinni og hefur leitarsvæðið í Malasíu og nágrenni verið stækkað. Vinstra megin á kortinu má sjá Malakkasund þar sem vélin sást síðast á ratsjá.**




Source: Flight Aware © GRAPHIC NEWS

## Gátu hringt í farsíma farþeganna

Fregnir herma að nokkur skyldmenni þeirra sem voru í flugvélinni hafi getað hringt í snjallsíma þeirra eða fundið merki um þá á kínverskri skilaboðaþjónustu sem kallast QQ. Svo virtist sem símarnir þeirra væru enn í netsambandi. Yfir 150 Kínverjar voru í vélinni.

Blaðið Washington Post hefur eftir kínverskum verkamanni að nokkrir samstarfsmenn hans hafi verið í flugvélinni, þar á meðal mágur hans. QQ-reikningar þriggja þeirra sýndu að þeir voru í netsambandi eftir að flugvélin hvarf. Önnur skyldmenni sögðust hafa hringt í nokkur símanúmer farþeganna. Hringitónar hafi heyrst en ekki hafi verið svarað.

Sérfræðingahópur um ólík kerfi um rétt til örorkubóta á Norðurlöndum:

# Ræða þarf örorkubætur hjá ESB

**VELFERÐARMÁL** Ólík kerfi og reglur í norrænu löndunum um rétt til örorkubóta og hvernig reikna á örorkubætur er ein af stjórnsýsluhindrununum sem Norræna landamærahindranaráðið mun fjalla um á fyrsta fundi sínum í Kaupmannahöfn í apríl, að sögn Sivjar Friðleifsdóttur, formanns ráðsins.

Vegna ólíkra kerfa geta bætur einstaklings sem fer á milli norrænu landanna orðið lægri eða hærri en bætur einstaklings sem einungis hefur starfað í einu landi. Fréttablaðið hefur greint frá því að örorkulífeyrisþegar hafi í auknum mæli leitað til Öryrkjabandalagsins, réttindagæslumanna fatlaðra, Halló Norðurlanda og sveitarfélaga vegna skertra örorkugreiðslna.

„Tillögur sérfræðingahóps á vegum embættismannanefnda norrænu ráðherranefndarinnar til að leysa þessi mál kalla á breytingar á löggjöf landanna og pólitíska umræðu um markmið og afleiðingar slíkra breytinga. Það er mat embættismannanna að lausnirnar geti skapað ójafnvægi í skiptingu kostnaðar ef landið sem greiðir örorkubætur þarf að greiða fyrir það tímabil sem einstaklingurinn var tryggður í öðru landi,“ greinir Siv frá.



SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR

Hún segir embættismennina hafa bent á að ekki sé tekið nægilegt tillit í Evrópureglugerðum til þeirrar staðreyndar að skilyrði fyrir að fá tímabundnar eða varanlegar bætur vegna skertrar starfsgetu séu ólík í löndunum. „Það er mat embættismannanna að afnám stjórnsýsluhindrunarinnar krefjist þess að málið sé rætt á vettvangi Evrópusambandsins, ESB.“ - ibs

# VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA !

TOPTUL®

IBTGAAI4201

## VERKFÆRASETT 42 STK.

Toppar 1/4" - 1/2" 5 - 24mm
Lyklar 8 - 22mm
Framlengingar og skröll
Sterk plasttaska



**12.900** m/vsk
Fullt verð 20.670

IBTGCAI094R

## TOPPLYKLASETT 94 STK.

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

TILBOÐ



**16.900** m/vsk
Fullt verð 25.231

IBTGCAI9601

## VERKFÆRASETT 96 STK.

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrúfjárn, töng
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska

TILBOÐ



**22.900** m/vsk
Fullt verð 37.200

IBTGCAI130B

## VERKFÆRASETT 130 STK.

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
fastir lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska



**24.900** m/vsk
Fullt verð 37.900

TILBOÐ

IBTJGAI1801

## BREMSUDÆLUÞVINGA 18 STK.

Universal
Réttar og öfugar gengjur
Passar fyrir algengustu bílategundir

TILBOÐ



**9.900** m/vsk
Fullt verð 14.006

IBTDJAC0106

## SKRÚFSTYKKI MEÐ SNÚNING 180°

Breidd 6"
Opnun 6"



**16.900** m/vsk
Fullt verð 26.735



**SNITTSETT**
40 stk.
**9.900** m/vsk



**BITASETT 31 STK**
**1.290** m/vsk



**O-HRINGJASETT**
394 stk.
**4.153** m/vsk



**TOPPLYKLASETT**
1/4"
**6.900** m/vsk



## 322 STK - VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM

8 Skúffur





**239.900** m/vsk
Okkar besta verð



Ráðherrarnir taka ekki mark á eigin málflutningi:

# Eina leiðin er að spyrja þjóðina

Ríkisstjórnin hefur enn ekki komið með neinum hætti til móts við þá víðtæku og almennu kröfu að hún standi við kosningaloforðin og efni til þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna við Evrópusambandið. Hún gerir ekkert með undirskriftir rúmlega fimmtungs kjósenda. Henni er sama um að yfir 80 prósent svarenda í könnunum segist vilja þjóðaratkvæði. Mestu mótmæli frá búsáhaldabyltingu virðast ekki skipta ráðherrana máli.

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra sagðist á Alþingi í gær efast um að „þær hugmyndir sem eru uppi í dag um þjóðaratkvæðagreiðslu um að halda áfram viðræðunum séu réttar.“ Samt eru þetta hugmyndir sem hann hafði sjálfur á síðasta kjörtímabili. Þá sagðist hann í sama ræðustóli vilja „leyfa íslenskri þjóð að taka ákvörðun um það hvort þessu verði haldið áfram eða hvernig verður haldið á þessu.“ Nú hefur hann völdin og þá vill hann það ekki lengur. Hann vill slíta viðræðunum og draga aðildarumsóknina til baka, án þess að spyrja þjóðina.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Þegar RÚV spurði ráðherrann í gær hvort til greina kæmi að þjóðin fengi að kjósa tönnlaðist hann enn á „ómöguleikanum“: „Ég held hins vegar að það verði alltaf að taka mið af því, að sjálfsögðu, að við erum með ríkisstjórn og þingmeirihluta sem er ekki að ganga í Evrópusambandið. Þannig að ég ætla alveg að vera hreinskilinn með það áfram að það er ekki hægt að kjósa um að láta ríkisstjórnina halda áfram viðræðunum.“

Það var sem sagt góð hugmynd að láta þjóðina kjósa ef niðurstaðan yrði sú að hætta viðræðunum. Gunnar Bragi er ekki eins hrifinn af að þurfa hugsanlega sjálfur að framkvæma meirihlutaviljann ef hann kynni að vera ósammála honum.

Samt var það rökstutt svo ljómandi vel fyrir kosningar af hverju þjóðaratkvæðagreiðsla væri rétta leiðin í málinu. „Það sem mér þykir mestu máli skipta er að þjóðin fái að greiða um það atkvæði hvort þessu verði haldið áfram eða ekki. Og ég treysti þjóðinni til þess að taka upplýsta ákvörðun. Vegna þess hversu mikið ágreiningsmál þetta er, milli flokka, milli þjóðarinnar, milli landsbyggðar og höfuðborgar, þetta fer í gegn um fjölskyldur, eina leiðin til að komast að niðurstöðu um það hvert skuli halda núna, er að spyrja þjóðina.“ Þetta sagði Ragnheiður Elín Árnadóttir, núverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Varaformaður Sjálfstæðisflokksins, Hanna Birna Kristjánsdóttir, var líka með sinn rökstuðning á hreinu. „Vilji þjóðin það á einhverjum tímapunkti þá ber okkur að fara í þjóðaratkvæði og niðurstaðan af því, við munum virða hana,“ sagði hún. „Að sjálfsögðu mun Sjálfstæðisflokkurinn standa við það að þjóðin fær að ákveða það hvort það verði gengið lengra í þessu máli. Það er þjóðarinnar en ekki einstakra stjórnmálamanna.“

Ráðherrarnir hafa ekki útskýrt fyrir okkur með sannfærandi hætti af hverju þeir taka ekki lengur mark á eigin málflutningi og treysta sér ekki til að standa við loforð sín. Almenningur getur ekki látið bjóða sér útúrsnúningana, eftiráskýringarnar og rökleysurnar sem hafa verið bornar á borð. Það eina sem þjóðin getur látið bjóða sér er að fá að kjósa um málið, eins og lofað var.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is*, Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

Eru fæturnir að angra þig?

Tábergssig, há il, lág il, hælspori, mislangir fætur, sykursýki, gigt eða hrein og bein þreyta

Ahutgaðu hvort við getum ekki hjálpað þér. Hjá okkur er starfandi sjúkraskósmiður sem gefur gjarnan ráðleggingar



Auk þess að hafa til sölu yfir 40 tegundir af stöðluðum innleggjum og púðum inn í skó bjóðum við nú upp á ORTHO-innlegg sem við getum sérsniðið að þínum þörfum

Fram að helgi gefum við **10% afslátt** af öllum innleggjum í versluninni

Kíktu á heimasíðuna okkar www.skovinnustofa.is og www.facebook.com/SkovinnustofaSigurbjorns

SKÓVINNUSTOFA SIGURBJÖRNS

Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík s. 553 3980

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### 28 klukkustundir um ESB

Reiknað hefur verið út hvað fyrri umræða um þingsályktunartillögu Gunnars Braga Sveinssonar um að draga aðildarumsókn Íslands að ESB til baka getur staðið lengi. Á Evropublogg.is kemur fram að hver þingmaður hefur tvisvar sinnum tíu mínútur til umráða en að teknu tilliti til andsvara við hverri ræðu er hægt að teygja hámarksræðutíma hvers þingmanns í um það bil klukkustund. Því má áætla að hámarkslengd umræðunnar geti orðið um það bil 28 klukkustundir miðað við að stjórnarandstaðan nýti sinn tíma að fullu en stjórnarliðar sitji allir hjá. Þá megi búast við að umræður verði rofnar margsinnis með umræðum um fundarstjórn forseta. Það er hætt við að ræðurnar verði orðnar þreytulegar og það verði margbúið að segja sömu hlutina þegar umræðunni lýkur loks. Þrátt fyrir stór orð og fögur fyrirheit tekst mönnum ekki að koma umræðum á þingi í skikkanlegt horf. Kannski er ástæðan sú að stjórnarandstaðan á hverjum tíma telur málþóf einu leiðina til að koma málum á dagskrá. Því þyrfti að breyta.



### Dýrt að taka bílpróf

Þau eru fjölbreytt málin sem þingmenn tala um í ræðustól Alþingis og hafa mismikla þýðingu fyrir land og þjóð. Jóhanna María Sigmundsdóttir, yngsti þingmaðurinn, talaði um ökukennslu úti á landi og gagnrýndi að nemendur yrðu að fara til Reykjavíkur og taka nokkra tíma í hálku. Þingmaðurinn sagði þetta hafa talsverðan aukakostnað í för með sér fyrir fólk sem býr í dreifbýlinu. Hún benti á að það væri talsvert um ofankomu fyrir austan og vestan og oft hálka á vegum. Jóhanna sagði að það væri nær að láta ökunema læra að keyra við þessar náttúrulegu aðstæður og spara með því peninga. Mál sem ætti að vera tiltölulega einfalt að breyta til hagsbóta fyrir landsbyggðarfólk ef vilji þingmanna stendur til þess.



johanna@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Hvað hefur breyst?

EVRÓPUMÁL



**Andrés Pétursson**
formaður Evrópusamtakanna

Margir klóra sér í höfðinu yfir sinnaskiptum forystumanna Sjálfstæðisflokksins í Evrópumálum. Árið 2009 auglýsti Bjarni Benediktsson, formaður flokksins, að Ísland ætti að leita eftir samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um að íslensk stjórnvöld og IMF (AGS) ynnu að því í sameiningu að Íslendingar tækju upp evru sem gjaldmiðil í sátt og samvinnu við Evrópusambandið. Nokkru áður höfðu Bjarni og Illugi Gunnarsson, núverandi menntamálaráðherra, skrifað grein í Fréttablaðið um að Ísland ætti að sækja um aðild að ESB.

Ástæðan væri meðal annars sú að íslenska krónan myndi reynast okkur fjötur um fót til lengri tíma. Árið 2014 samþykkja þessir sömu menn að slíta eigi viðræðum við ESB jafnvel þótt ekki sé komin nein niðurstaða í gjaldmiðlamálin. Hvað hefur breyst á þessum tæpu fjórum árum sem skýrir þessa stefnubreytingu?

Árið 2009 var efnahagsástandið í ýmsum Evrópulöndum ótryggt. Efnahagur Grikklands, Portúgals, Spánar og Írlands var brothættur. Óeining var meðal landa eins og Þýskalands og Frakklands um hvernig taka ætti á evrukrísunni. Samt sem áður töldu Bjarni og Illugi á þeim tíma að Ísland ætti að tengjast evrusvæðinu sterkari böndum.

Árið 2014 standa evrulöndin mun betur en 2009. Hagvöxtur er tekinn að aukast, fáir tala um evrukrísu og almenn bjartsýni er að aukast í flestum löndum evrusvæðisins. Á sama tíma bendir fátt til þess að ástandið sé að lagast á Íslandi. Að vísu hefur hagvöxtur aukist en landið er enn í gjaldeyrishöftum. Flestir eru sammála um að höftin séu meinsemd sem smám saman sé að draga máttinn úr íslensku efnahagslífi. Lífeyrissjóðirnir geta ekki fjárfest erlendis og það er að myndast ný bóla á fasteignamarkaðnum. Þá rjúka allt í einu Bjarni og Illugi til og vilja loka fyrir einn hugsanlegan möguleika á því að hjálpa okkur úr þessari spennitreyju.

Hvaða hagsmuni eru þessir ágætu herramenn að verja? Ég veit að bæði Bjarni og Illugi eru vel gefnir og vel meinandi menn. Þess vegna er mér illmögulegt að skilja þessa afstöðu þeirra. Ég held því að þetta sé örugglega einhver misskilningur hjá þeim sjálfstæðismönnum og hvet þá til að endurskoða afstöðu sína til þessa máls. Staðreyndin er nefnilega sú að það er enn vænlegra árið 2014 að skoða Evrópumöguleikann en það var árið 2009.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Verður Seðlabankinn aftur pólitíkinni að bráð ?

Einhvers staðar las ég að meginhlutverk seðlabanka væri það að vernda gjaldmiðilinn fyrir gráðugum stjórnmálamönnum. Við höfum af því bitra reynslu að þetta hefur íslenska seðlabankanum ekki tekist. Allt fram á þessa öld var það ein af skyldum hans að styðja við efnahagsstefnu ríkisstjórna á hverjum tíma. Mikið pólitískari getur ein stofnun varla verið.

Til að tryggja þetta voru settir þrír bankastjórar yfir bankann. Oft var bróðurlega skipt. Einn frá Framsókn, annar úr Sjálfstæðisflokki og sá þriðji úr öðrum flokkum. Þetta átti að tryggja aðkomu allra flokka að stjórn bankans. Niðurstaðan hvað varðaði gjaldmiðilinn var ætíð sú sama. Verðgildi krónunnar rýrnaði stöðugt. Engu breytti þótt markmiði bankans hafi verið breytt í því skyni að styrkja krónuna. Að lokum hrundi bankinn í höndum þriggja bankastjóra, en það teymi var undir strangri stjórn annars öflugasta stjórnmálamanns landsins. Bankanum var bjargað frá gjaldþroti með hundraða milljarða aðstoð ríkissjóðs.

Þetta „gjaldþrot“ er endurreisn fjármálalífsins enn mikill fjötur um fót. Þótt þríeykið hafa vissulega einnig verið skipað fagmönnum, var pólitískum tökum stjórnmálamanna aldrei sleppt. Þegar hrunið kom var bankinn svo rúinn öllu trausti, að hann sótti í örvæntingu sinni um lán frá Moskvu! Erlend matsfyrirtæki settu landið í eins konar ruslflokk. Ekki var traustið meira innanlands.

FJÁRMÁL



Þröstur Ólafsson
hagfræðingur

**➜ Engum sem vill horfa glýjulaust á framtíðina dylst, að meðan við notum krónuna sem gjaldmiðil, munum við til frambúðar þurfa að styðjast við all umfangsmikil höft, hvað varðar gjaldeyrismál og fjármagnsflutninga.**

### Spilin stokkuð upp

Í eftirleikum hrunsins voru spilin stokkuð upp. Bankinn tekinn úr daglegri umsjón stjórnmálamanna og hann efldur til sjálfstæðis. Fagráð sett til að ákveða peningastefnuna og bankastjórum fækkað í einn með annan til vara. Settar voru strangar hæfiskröfur til umsækjenda, m.a. um alþjóðlega reynslu á sviði peningamála. Á síðustu misserum hefur tekist að róa krónuna og smá styrkja. Til þess hefur þurft að einangra landið á sviði gjaldeyris- og peningamála. Sett voru bæði belti og axlabönd á krónuna. Engum sem vill horfa glýjulaust á framtíðina dylst, að meðan við notum krónuna sem gjaldmiðil, munum við til frambúðar þurfa að styðjast við all umfangsmikil höft, hvað varðar gjaldeyrismál og fjármagnsflutninga.

Það verður nægt viðfangsefni að glíma við afleiðingar haftanna, þegar kemur að ákvæðum í EES-samningnum eða gagnvart starfsemi íslenskra fyrirtækja erlendis, svo ekki sé talað um erlenda fjárfesta. Með ákvörðun ríkisstjórnarinnar um afturköllun aðildarumsóknarinnar verða þessi mál enn snúnari og erfiðari úrlausnar, því hún lokar á valkosti í gjaldmiðilsmálum, sem okkur eru lífsnauðsynlegir.

### Færa til fyrra horfs?

Í þessu samhengi er vart hægt að hugsa sér óheppilegri tímasetningu til að fikta við seðlabankalögin. Næg verður athygli umheimsins á landinu eftir daginn stóra, svo ekki verði farið að færa stjórnskipan bankans til fyrra horfs, svo auðveldara verði að handstýra honum. Það fer ekki saman að fjölga bankastjórum og segjast ætla að styrkja sjálfstæði bankans. Það eitt að skipta bankastjóranum út fyrir einhvern annan í því andrúmslofti vantrausts og tortryggni sem ríkir, gæti kostað þjóðina tugi milljarða í verri lánskjörum. Klaufaleg viðbrögð formanna stjórnarflokkanna við spurningum fréttamanna um væntanlega lagabreytingu, bættu ekki úr skák. Engin stofnun lýðveldisins er jafn viðkvæm gagnvart hnattrænum fjármálaheimi og seðlabankinn. Því minna sem við honum er rjátlað þeim mun betra. Annað væri feigðarflan. Þau frændsystkinin heift og hatur eru ekki góðir ráðgjafar. Ég sé að lausmálgir orðhákar eru strax byrjaðir að brýna. Látið þar við sitja.

# Eineltisumræða í fjölmiðlum

Undanfarna mánuði hafa nokkur eineltismál innan vinnustaða verið rakin í fjölmiðlum. Maður spyr sig af hverju ofbeldismál eins og einelti sé til umræðu í fjölmiðlum? Hvaða tilgangi þjónar það? Hver er bættari fyrir vikið og af hverju lenda slík mál á forsíðum fjölmiðla?

Það má leiða líkur að því að það sé að hluta til ábyrgð stjórnenda vinnustaða. Í fyrsta lagi er mikilvægt að taka strax á eineltismálum innan vinnustaða komi þau upp. Séu þessi mál hunsuð munu þau draga dilk á eftir sér og skaða bæði manneskjuna sem fyrir því verður, fyrirtækið, orðspor þess og ímynd. Þeir sem verða fyrir einelti á vinnustöðum og upplifa sem stjórnendur vinnustaðarins taki ekki mark á þeim né geri neitt í þeirra málum, upplifa sig máttarvana og einmana. Áfall þeirra verður enn annað.

SAMFÉLAG



Hildur Jakobína Gísladóttir
ráðgjafi hjá Heilbrigðum stjórnarháttum

Þeir leita því eftir stuðningi til vina og fjölskyldu og ræða framkomu gerandans og ekki síst vinnustaðarins í sinn garð. Sumir upplifa misréttið það mikið að þeir telja mikilvægt að málið fari í fjölmiðla til að þeir fái verðskuldaða athygli og samkennd vegna óréttlætisins sem þeim finnst þeir vera beittir. Aðrir fara ekki í fjölmiðlana en ræða þessi mál við alla sem vilja hlusta.

### Umræðan óvægin og einhliða

Eineltisumræða í fjölmiðlum er óvægin og einhliða. Hún er til þess gerð að lesandinn fer að mynda sér eigin skoðun um hvort einelti hafi átt sér stað innan hlutaðeigandi vinnustaðar eða hvort þolandinn sé að gera sér það upp. Þessi skoðun lesandans er byggð á einhliða umfjöllun um málið þar sem allar forsendur fyrir slíkt mat liggja ekki fyrir. Skaðinn getur verið óafturkræfur þegar almenningsálitið er annars vegar og ekki gott að snúa slíku við sé það yfirhöfuð hægt.

Einelti er ofbeldi og fórnarlömb ofbeldis hegða sér ekki alltaf „rökrétt“ við slíkar aðstæður. Eineltismál eru erfið en ábyrgð stjórnandans er mikil og þeir verða að horfast í augu við þessi mál. Það hefur forvarnargildi því það má ekki gleyma að þessi mál eru ekki síður skaðsöm fyrir innra starf vinnustaðarins. Það getur því verið erfitt að reyna að stöðva snjóboltann þegar hann er farinn að rúlla niður hlíðina á fullum krafti.

Ef vinnustaðir taka strax á málunum með faglegum hætti, þ.e hlusta á starfsmanninn sem segir frá slíku og fá óháða utanaðkomandi fagaðila til að meta hvort einelti eigi sér stað og veiti viðeigandi málsmeðferð verður skaðinn minni. Stjórnendur vinnustaða ættu því að hafa þetta hugfast komi slík mál upp á vinnustaðnum og vera fljótir að bregðast við áður en starfsmenn og vinnustaðurinn hljóta af varanlegan skaða. Með því er hægt að minnka líkurnar á að einhliða umræða um eineltismál innan vinnustaðarins rati í fjölmiðla og skaði vinnustaðinn og starfsmenn meira en í raun þarf.





CRÉATIVE TECHNOLOGIE

KOMDU OG PRÓFAÐU CITROËN BERLINGO VAN

Frábær vinnuaðstaða með góðu aðgengi fyrir farm og farþega. 180° opnun á afturhurðum, rennihurð, þægileg hleðsluhæð, há sætisstaða og fjöldi geymsluhólfa. Öflug en sparneytin 90 hestafla dísilvél ásamt spólvörn og ESP stöðugleikakerfi gera Berlingo Van að öruggum og hagkvæmum kosti fyrir þinn rekstur.

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

CITROËN

Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu



✝

Ástkær eiginkona, móðir, amma og systir,

**SESSELJA GUNNARSDÓTTIR**

lést í faðmi fjölskyldunnar að kvöldi 5. mars á líknardeild LSH Kópavogi. Útför fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju 14.mars kl.15.00.

**Eggert Kristinsson**
**Hildur Eggertsdóttir og börn**
**Ástríður Gunnarsdóttir**
**Ingibjörg Jóna Gunnarsdóttir**
**Trausti Gunnarsson**



✝

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**GUÐNÝ ÁSBJÖRNSDÓTTIR**

lést á Hrafnistu laugardaginn 8. mars. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 21. mars kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Þórir Kristjónsson**



✝

Útför

**INGIBJARGAR BJÖRNSDÓTTUR**
**fyrrverandi kennara,**

verður frá Áskirkju föstudaginn 14. mars kl. 13.00.

**Ragnar Jónasson**
**Björn H. Jónasson**
**Eva Örnólfsdóttir**
**Guðrún Þóroddsdóttir**



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, fósturbróðir, afi og langafi,

**ERLINGUR NORÐMANN GUÐMUNDSSON**
**Hörðubóli, Dalabyggð,**

lést á dvalarheimilinu Silfurtúni í Búðardal laugardaginn 8. mars. Útförin verður auglýst síðar.

**Ragnhildur Beatrice Erlingsdóttir**
**Sigurjón Hannesson**
**Kristrún Erna Erlingsdóttir**
**Baldur Kjartansson**
**Guðríður Erlingsdóttir**
**Stefán Hólmsteinsson**
**Líneik Dóra Erlingsdóttir**
**Guðmundur Erlingsson**
**Ninna Karla Katrínardóttir**
**Una Auður Kristjánsdóttir**
**Hjalti Samúelsson**
**barnabörn og langafabörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, bróðir, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**TRYGGVI GUNNARSSON**

andaðist í Noregi á St. Olavs-sjúkrahúsinu í Þrándheimi þriðjudaginn 4. mars. Útförin fer fram frá Havstein-kirkju í Þrándheimi, föstudaginn 14. mars kl. 11.00.

**Randi Gunnarsson**
**Jón Þór Tryggvason**
**Gunnar Tryggvason**
**Þuríður Guðmundsdóttir**
**Víkingur Tryggvason**
**Óðinn Tryggvason**
**Rósalind Tryggvadóttir**
**Mónika Tryggvadóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**ERLA SIGURÐARDÓTTIR**

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir þann 5. mars. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn **14. mars kl. 11.00.**
Sérstakar þakkir til starfsfólks Eirar, 3. hæð norður, fyrir góða og hlýlega umönnun.

**Sigríður Gissurardóttir**
**Guðmundur R. Ragnarsson**
**Sigrún Gissurardóttir**
**Steinar S. Jónsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



✝

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför okkar ástkæru

**ÓLAFAR COOPER**
**Gullsmára 7, Kópavogi.**

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólkinu á deild E-13 á Landspítalanum við Hringbraut fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Gylfi Einarsson**
**Margrét Björnsdóttir**
**Konráð Gylfason**
**Anna María Harðardóttir**
**Margrét Gylfadóttir**
**Ólafur Sveinsson**
**og barnabörn.**



✝

Hjartkær eiginmaður minn, faðir og tengdafaðir,

**BJARNI BLOMSTERBERG**
**kaupmaður,**
**áður til heimilis að Fjarðargötu 19, Hafnarfirði,**

lést á Hrafnistu, Hafnarfirði, þann 28. febrúar sl. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 14. mars kl. 13.00.

**Valgerður Jónsdóttir Blomsterberg**
**Eggert N. Bjarnason**
**Margrét Erna Blomsterberg**
**Grétar Benediktsson**
**Birna Blomsterberg**
**Ingvar J. Viktorsson**
**Hrafnhildur Blomsterberg**
**Birgir Finnbogason**
**Valur Blomsterberg**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



✝

Ástkær dóttir okkar, systir, mágkona, barnabarn og frænka,

**SIGURVEIG ÞÓRARINSDÓTTIR**
**læknir,**

lést miðvikudaginn 5. mars. Útför hennar fer fram frá Árbæjarkirkju föstudaginn 14. mars kl. 15.00.

**Þórarinn Baldursson**
**Birta Einarsdóttir**
**María Loftsdóttir**
**Jón K. Valdimarsson**
**Sigrún Þórarinsdóttir**
**Ingólfur Finnbogason**
**Loftur Þórarinsson**
**Mayuko Ono Þórarinsson**
**Davíð Leifsson**
**Lanny Leifsson**
**Sigurveig Þórarinsdóttir**
**og frændsystkini hinnar látnu.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför okkar hjartkæra

**STEINGRÍMS VILHJÁLMSSONAR**
**frá Laufhóli.**

**Gunnlaugur Steingrímsson**
**Svala Jónsdóttir**
**Símon R. Steingrímsson**
**Sigrún Höskuldsdóttir**
**Vilhjálmur Steingrímsson**
**Ásdís Garðarsdóttir**
**Halldór S. Steingrímsson**
**María Steingrímsdóttir**
**Kristín S. Steingrímsdóttir**
**Sigurður Steingrímsson**
**Kristjana Friðriksdóttir**
**Sigurlaug G. Steingrímsdóttir**
**Eyjólfur Árnason**
**Anna H. Steingrímsdóttir**
**Hafþór Hermannsson**
**Auður Steingrímsdóttir**
**Guðmundur Sveinsson**
**Eysteinn Steingrímsson**
**Aldís Axelsdóttir**
**og fjölskyldur þeirra.**



✝

Ástkær eiginmaður minn og yndislegur pabbi okkar, sonur, bróðir, mágur og vinur,

**TEITUR BIRGISSON**
**Stóragerði 14, Akureyri,**

sem lést á heimili sínu laugardaginn 1. mars verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 14. mars kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Heimahlynningu á Akureyri eða Krabbameinsfélag Akureyrar.

**Ruth Viðarsdóttir**
**Andri Leó Teitsson**
**Birta María Guðmundsdóttir**
**Almar Teitsson**
**Telma Rut Teitsdóttir**
**Birgir Björn Svavarsson**
**Alma K. Möller**
**Eygló Birgisdóttir**
**Hjörtur Sigurðsson**
**Gígja Birgisdóttir**
**Jérome Wigny**
**og aðrir aðstandendur.**



**LISTMÁLARINN** Ekkert heillaði Karólínu meira unga en gamlar fjölskyldumyndir. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

# Ég vildi mála fólk

Karólína Lárusdóttir listmálari er sjötug í dag. Þótt hún hafi lifað og starfað í Bretlandi í rúma fjóra áratugi er hún meðal vinsælustu listamanna okkar Íslendinga.

„Svo lengi sem ég man hef ég haft óstjórnlegan áhuga á myndum. Ekki bara málverkum, heldur hvers kyns myndum, blaðaljósmyndum, teikningum, landslagsmyndum og fjölskyldumyndum. Ekkert heillaði mig meira en þessar gömlu fjölskyldumyndir af svipbrigðalausu fólki með starandi augu.“ Þannig farast Karólínu Lárusdóttur orð í formála bókarinnar Karólína – Líf og list Karólínu Lárusdóttur listmálara sem Jónína Michaelsdóttir ritaði og út kom hjá Forlaginu 1993. Þar stendur líka: „Ég vissi snemma að ég vildi mála fólk. Ekki portret, heldur venjulegt fólk við venjulegar kringumstæður.“

Karólína fagnar sjötugsafmæli í dag. Hún ólst upp í Reykjavík en bjó í Bretlandi frá því hún fór þangað til náms 1965 til ársins 2007. Giftist Clive Percival kaupsýslumanni 1968 og eignaðist í framhaldinu tvö börn, þau heita Stephen og Samantha. Leiðir þeirra Karólínu og Percivals skildi og árið 1983 gekk hún að eiga síðari mann sinn, sálfræðinginn Fred Roberts sem hún missti árið 2002. Eftir það sótti hún æ meira til Íslands og þar kom 2007 að hún flutti alfarið heim til föðurlandsins.

- gun



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GEIR KONRÁÐ BJÖRNSSON,**
**Kveldúlfsgötu 12, Borgarnesi,**

andaðist í faðmi fjölskyldunnar á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi, laugardaginn 8. mars. Útförin fer fram frá Borgarneskirkju laugardaginn 15. mars kl. 14.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Borgarfjarðar.

**Hanna Carla Proppé**
**María Erla Geirsdóttir**
**Theodór Þórðarson**
**Ástráður Eysteinsson**
**Anna Jóhannsdóttir**
**Kristín I. Geirsdóttir**
**Guðgeir Eyjólfsson**
**Jón Þór Geirsson**
**Kristín Anna Hjálmarsdóttir**
**Sigríður Lísa Geirsdóttir**
**Marinó Már Marinósson**
**Gunnar Már Geirsson**
**Dagmar Jóhannesdóttir**
**afa- og langafabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGURÐUR RAGNAR GUÐBRANDSSON**
**blikksmíðameistari,**
**Njarðarvöllum 6,**

áður Aðalgötu 19 í Reykjanesbæ, andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þann 10. mars sl. Jarðarförin auglýst síðar.

**Sigríður Einarsdóttir**
**Björg Sigurðardóttir**
**Jan Erik Larsson**
**Ragnhildur Sigurðardóttir**
**Jónas Ragnarsson**
**Ásta Sigurðardóttir**
**Sigríður Lísa Sigurðardóttir**
**Helgi Gísli Eyjólfsson**
**Erna Sigurðardóttir**
**Guðbrandur Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 12. mars 2014 | 23. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

VIÐ ELSKUM AÐ PRENTA!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN



## ALCOA HÆTTIR VIÐ MILLJARÐA SÖLU

- Víravél Fjarðaáls í Reyðarfirði verður ekki seld.
- Rafmagnsleysi í febrúar olli næstum stórtjóni.
- Viðtal við Magnús Þór Ásmundsson, forstjóra Alcoa á Íslandi.

SÍÐA 4

## Tekjuafkoman batnar

Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 37,1 milljarð króna árið 2013 eða 2,1 prósent af landsframleiðslu samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Hagstofunnar. Til samanburðar var tekjuafkoman neikvæð um 65 milljarða króna árið 2012 eða 3,8 prósent af landsframleiðslu.

Tekjur hins opinbera námu um 789 milljörðum króna og hækkuðu um 6,6 prósent milli ára. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 44,2 prósent samanborið við 43,6 prósent árið 2012. Útgjöld hins opinbera voru 826 milljarðar króna og jukust um 2,6 prósent milli ára en hlutfall þeirra af landsframleiðslu lækkaði milli ára, fór úr 47,4 prósentum í 46,3 prósent.

- fbj

## Hlutfall Íslendinga breyst mjög

Nærri því tvöfalt fleiri flugu frá Keflavíkurflugvelli í fyrra en árið 2003, en þá flugu um 600 þúsund. Þetta sýnir talning Ferðamálastofu sem sagt er frá á vefnum Túristi.is. Hlutfall Íslendinga í farþegahópnum á árunum 2003 til 2007 var á bilinu 48,6 prósent til 52,3 prósent. Ferðum Íslendinga hefur þó farið fækkandi og straumur ferðamanna hingað til lands vaxandi. Þótt ferðum landsmanna hafi fjölgað að undanförnu, var í fyrra innan við þriðji hver farþegi á Keflavíkurflugvelli Íslendingur.

Í síðasta mánuði voru Íslendingar ekki sú þjóð sem átti flesta flugfarþega til útlanda frá Keflavík. Það er í fyrsta sinn sem slíkt hefur gerst og voru það Bretar sem tóku fyrsta sætið.

- skó

## Nike gerir risasamning í enska

Sögur herma að Nike sé við það að skrifa undir risasamning við knattspyrnuliðið Manchester United. Mun Nike samkvæmt honum borga því 100 milljónir dollara á ári næstu tíu árin fyrir að klæðast búningum Nike. Það gerir 113 milljarða króna á þessum tíu árum.

Ef af honum verður slær Manchester við öðrum liðum hvað upphæð varðar frá framleiðendum búninga. Adidas greiðir nú um helming þessarar upphæðar á ári til Real Madrid og er það stærsti samningurinn hingað til.

- fbj



## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**6** Á UPPLEIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

**5** Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

**3** STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

**ÖSSUR**
**12,2%** frá áramótum

**NÝHERJI**
**4,7%** í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

**MAREL**
**-16,2%** frá áramótum

**FJARSKIPTI**
**-2,0%** í síðustu viku

### Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Atlantic Airways (DKK) | 144,00 | -5,9% | 0,0% |
| Bank Nordic (DKK) | 119,00 | -8,5% | 0,0% |
| Eimskipafélag Íslands | 229,00 | -12,6% | -0,9% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 29,70 | 9,0% | -2,0% |
| Hagar | 40,95 | 6,6% | -0,6% |
| Icelandair Group | 18,70 | 2,7% | -1,1% |
| Marel | 111,50 | -16,2% | -1,2% |
| N1 | 18,20 | -3,7% | 0,3% |
| Nýherji | 3,55 | -2,7% | 4,7% |
| Reginn | 16,50 | 6,1% | 0,0% |
| Tryggingamiðstöðin | 31,05 | -3,1% | 2,1% |
| Vátryggingafélag Íslands | 10,58 | -1,9% | 0,7% |
| Össur | 257,00 | 12,2% | 1,2% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI6** | 1.229,15 | -2,4% | 1,6% |

### First North Iceland

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Century Aluminum | 1150,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 19,90 | 50,2% | 32,7% |
| HB Grandi | 30,00 | 36,4% | 0,0% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,22 | 0,0% | 0,0% |

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Fimmtudagur 13. mars**
- Gjaldeyrisforði og tengdir liðir
- Aðalfundur Vátryggingafélags Íslands

**Föstudagur 14. mars**
- Aðalfundur Nýherja
- Atvinnuleysistölur fyrir febrúar
- Fiskafli í febrúar 2014
- Aðalfundur Össurar

**Þriðjudagur 18. mars**
- Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu
- Verðmæti sjávarafla árið 2013
- Velta samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum 2013
- Samræmd vísitala neysluverðs í febrúar 2014

**Miðvikudagur 19. mars**
- Vaxtaákvörðunardagur SÍ
- Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis
- Vinnumarkaður í febrúar 2014

**Fimmtudagur 20. mars**
- Vísitala byggingarkostnaðar fyrir apríl 2014

**Föstudagur 21. mars**
- Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands
- Greiðslujöfnunarvísitala í apríl 2014
- Vísitala lífeyrisskuldbindinga í febrúar 2014

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*




Vissir þú að...
börn eiga rétt á læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu.
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# 80 milljarðar í glataðar gjaldeyristekjur

*Viðskiptaráð segir pólitískan þrýsting á afnám vera minni undanfarin ár en efni standa til. Neikvæð áhrif haftanna séu til þess fallin að draga verulega úr vaxtartækifærum íslenska hagkerfisins.*

EFNAHAGSMÁL
Fanney Birna Jónsdóttir | fanney@frettabladid.is

Viðskiptaráð telur að fjármagnshöftin hafi dregið úr vexti útflutnings innan alþjóðageirans á Íslandi um allt að 80 milljarða króna árið 2013. Sú upphæð jafngildir um einni milljón króna í gjaldeyri á hverja fjölskyldu landsins. Viðskiptaráð segir að þessi fórnarkostnaður muni vaxa ár hvert með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á lífskjör í landinu.


FROSTI ÓLAFSSON

Óska eftir 3ja herbergja íbúð í lyftuhúsi með stæði í bílageymslu í Lækjarsmára eða Gullsmára í Kópavogi.
**Upplýsingar Reynir Björnsson s. 895-8321**

**Sérhæð í vesturborginni óskast.**
Höfum kaupanda að 150-200 fm hæð á Högum, Melum, Ægissíðu eða Skjólunum. **Staðgreiðsla í boði.**
**Upplýsingar gefur Sverrir Kristinsson.**

**Einbýlishús í Vesturborginni óskast.**
Höfum kaupanda að 250-350 fm einbýlishúsi í vesturbæ Reykjavíkur. Gjarnan við Ægissíðu eða á Skjólunum og með sjávarútsýni. **Upplýsingar gefur Sverrir Kristinsson**

**Einbýlishús í Garðabæ óskast.**
Höfum kaupanda að 300-500 fm einbýlishúsi í Garðabæ. Staðgreiðsla . **Upplýsingar gefur Sverrir Kristinsson**

**Jarðhæð í Grafarvogi eða Grafarholti.**
Vantar 3ja eða 4ra herbergja íbúð á jarðhæð í Grafarholti eða Grafarvogi. Sérinngangur skilyrði. Bílskúr eða skýli æskilegt en þó ekki skilyrði. **Upplýsingar gefur Þórarinn Friðgeirsson s.899-1882**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík


## fasteignir


**JÖFUR**
ATVINNUHÚSNÆÐI
**534 1020**
Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is




**TIL LEIGU/SÖLU**
**Faxafen 10, 108 Reykjavík**
668,4 fm. skrifstofu-/kennsluhúsnæði á jarðhæð

Allar nánari upplýsingar veitir:



**Helgi Már Karlsson**
Löggiltur leigumiðlari
Löggiltur fasteignasali
534 1024 / 897 7086
hmk@jofur.is

Húsnæðið skiptist í 6 stór vinnurými/skólastofur, 2 stór fundarherbergi, eitt tæknirými, rúmgott anddyri, stórt opið rými með móttökuborði, rúmgóða kaffistofu með innréttingu, Wc, þ.a. eitt með aðstöðu fyrir fatlaða auk sturtu. Loftræstibúnaður er til staðar. Á gólfum eru flísar og dúkar. Laust strax!



**ALLT FASTEIGNIR**
Síðumúli 29 108 Reykjavík, Sími 565 1233

**Skrifstofuhúsnæði – Grensásvegur**



**Til leigu** glæsilegt skrifstofuhúsnæði á 2. hæð við Grensásveg. Um er að ræða 226,6 fm. vandað skrifstofuhúsnæði. Húsnæðið er eitt opið rými með kaffistofu, snyrtingum og tölvuherbergi. Húsnæðið hentar vel undir margskonar rekstur.

**Upplýsingar veitir Kristinn B. Ragnarsson viðsk.fr./lögg. fasteignasali í síma 8984125**



**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Básbryggja 51 - 3ja herbergja íbúð.**
**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**




Glæsileg 100,0 fm. íbúð á 1. hæð í mjög vönduðu fjölbýlishúsi á frábærum stað við sjávarkambinn auk sérstæðs 30,8 fm. bílskúrs. Svalir út af stofu með frábæru sjávarútsýni. Opið eldhús með vönduðum innréttingum. Tvö herbergi. Sér þvottaherbergi innan íbúðar. **Verð 34,9 millj.**
**Íbúð merkt 0103. Sigurður á bjöllu. Verið velkomin**



**Í FIRÐINUM** Fjarðaál flutti út vörur fyrir 95 milljarða króna árið 2013, eða um 260 milljónir á dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ónir króna á dag í raforkuskatt á sama tíma og fyrirtækið berst við orkuskerðingu. Skatturinn var settur á með samkomulagi stjórnvalda og stóriðjufyrirtækjanna árið 2009 og átti þá að vera tímabundinn til ársins 2012. Þáverandi ríkisstjórn framlengdi skattinn í desember 2012 og samkvæmt fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar verður hann innheimtur út árið 2015.

„Árið 2013 greiddum við 518 milljónir króna í raforkuskatt og okkur fannst þáverandi ríkisstjórn ganga á bak orða sinna með því að virða ekki samkomulagið sem gert var en við greiðum þessa skatta.“

**Í SAMKEPPNI INNAN ALCOA**

Fjarðaál flutti vörur út fyrir 95 milljarða króna á árinu 2013. Frá því fyrirtækið hóf starfsemi árið 2007 hafa um 36 prósent af útflutningstekjum þess skilað sér inn í þjóðarbúið í formi opinberra gjalda, launa, innkaupa og samfélagsstyrkja.

„Upphafleg fjárfesting Alcoa í Fjarðaáli var yfir 220 milljarðar króna. Síðan þá hefur fyrirtækið haldið áfram að fjárfesta og hefur fjárfest fyrir um þrettán milljarða. Á hverju ári er unnið í fjárfestingarverkefnum og á síðasta ári fóru þau yfir einn milljarð króna.“ Fyrirtækið er að sögn Magnúsar í stöðugri samkeppni um fjárfestingarfé við aðrar rekstrareiningar Alcoa.

„Erlendar fjárfestingar koma ekki einungis að nýjum verkefnum heldur er einnig oft fjárfest í umbótum á því sem fyrir er. Því er mikilvægt að Fjarðaál hafi tækifæri til að halda samkeppnishæfni sinni og að hér séu tækifæri til vaxtar til lengri tíma. Fjárfestingar leita þangað sem þær eru arðsamastar.“

**HAGNAÐURINN DRÓST SAMAN**

Lágt álverð gerir rekstur álvera erfiðan um þessar mundir. Í ársreikningi Alcoa Fjarðaáls frá 2012 segir að hagnaður álversins hafi það ár numið um 33 milljónum dala samanborið við 95 milljónir árið á undan. Magnús vill ekki tjá sig um afkomu síðasta árs og hvort hagnaður hafi dregist saman annað árið í röð.

„Hins vegar er álver Alcoa Fjarðaáls nýtt og tæknilega fullkomið álver og við höfum mætt þessari stöðu á álmörkuðum með því að draga úr kostnaði og staðsetja okkur á svokallaðri kostnaðarkúrfu eins vel og okkur er unnt,“ segir Magnús

„Þó staðan sé þung núna erum við engu að síður mjög bjartsýn á framtíð álframleiðslu á Íslandi að því gefnu að fyrirtæki eins og Fjarðaál hafi tækifæri til að halda samkeppnishæfni sinni. Umhverfi áliðnaðarins er þannig í dag að verið er að loka óhagkvæmum álverum og Alcoa hefur einnig gert það,“ segir Magnús og nefnir í því sambandi álver í Bandaríkjunum, Ástralíu og á Ítalíu.

„En við erum bjartsýn fyrir hönd álframleiðslu enda jókst eftirspurn eftir áli um fjögur og hálft prósent á síðasta ári og álbirgðir fóru minnkandi á milli ára,“ segir Magnús.



**ÁLVERIÐ** 470 starfsmenn unnu hjá Fjarðaáli árið 2013. MYND/HREINN MAGNÚSSON


Finndu stystu leiðina:



Vandræðalaus viðskipti

Mynta er nútímalegt innheimtukerfi fyrir fyrirtækið þitt. Mynta býður kröfuhöfum upp á fruminnheimtu, milliinnheimtu, löginnheimtu og kröfuvakt. Öll umsjón með þinni innheimtu er á einum stað og allt ferlið er fyrirtækinu þínu að kostnaðarlausu!

**Við viljum að þín viðskipti verði vandræðalaus.**

www.mynta.is
Sími 569 2000

mynta
Innheimtulausn fyrir framsækin fyrirtæki

ÓLI ÖRN EIRÍKSSON

# Borgin er langvinsælasti ferðamannastaður landsins

Óli Örn Eiríksson er gestur Klinksins á Vísir.is í þessari viku. Óli Örn er deildarstjóri atvinnuþróunar hjá Reykjavíkurborg.

Reykjavíkurborg mun í dag standa fyrir fundi um atvinnuþróun og uppbyggingu í Reykjavík.

Klinkið ræddi við Óla Örn um tækifæri Reykvíkinga í atvinnumálum, stöðuna í mismunandi geirum, þekkingu, þjónustu og öðru.

Óli Örn ræddi sérstaklega tækifærin í þekkingariðnaði og mikilvægi alþjóðageirans í höfuðborginni.

Þá ræddi Klinkið einnig auknar byggingaframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu eftir lægð í uppbyggingu undanfarin ár.



› klinkið
Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Viðtalið við Óla Örn Eiríksson er hægt að sjá í þættinum **Klinkinu á www.visir.is.**



„Fyrirtæki sem eru að vinna í mjög sérhæfðum hlutum, eins og Íslensk erfðagreining, CCP og PlainVanilla, þau vantar oft hæfasta fólkið í heimi – ekki bara hæfasta Íslendinginn í því sem þau eru að gera. Ísland er hið eina af Norðurlöndunum sem er ekki með löggjöf um erlenda sérfræðinga.“

**Borgin lítur á sig sem klappstýru**

„Borgin hugsar þetta þannig að atvinnulífið eigi að sjá um að skapa störfin. Við búum til umhverfið þannig að starfsmennirnir vilji vera þar og fyrirtækjunum líði vel.“

Við erum ekki enn þá orðin það þétt af ferðamönnum að vörumerkinu Reykjavíkurborg sé farið að hnigna við það. Tölurnar eru allar gríðarlega góðar. En það liggur í augum upp að ef hér eru ekkert nema ferðmenn þá missir staðurinn sjarmann sinn – og þú verður að halda í staðareinkenni.

**„VIÐ ERUM STANSLAUST Í SAMKEPPNI. UNGT FÓLK SEM HEFUR MENNTAÐ SIG Í ÚTLÖNDUM TELUR STUNDUM HAG SÍNUM BETUR BORGIÐ ANNARS STAÐAR. VIÐ VERÐUM AÐ MÆTA ÞESSARI SAMKEPPNI.“**

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Vann fyrir launum fimm ára gömul

*Guðrún Hafsteinsdóttir, nýr formaður Samtaka iðnaðarins, vill auka sýnileika samtakanna og veg iðnmenntunar. Hún lærði mannfræði við Háskóla Íslands og hefur starfað sem markaðsstjóri Kjöríss frá árinu 2008.*

**SVIPMYND**

Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

Guðrún Hafsteinsdóttir, nýr formaður Samtaka iðnaðarins (SI) og markaðsstjóri Kjöríss, hefur setið í stjórn samtakanna frá árinu 2011 og starfað hjá fjölskyldufyrirtækinu frá blautu barnsbeini

„Í desember fóru aðilar að tala við mig um hvort ég myndi vilja bjóða mig fram í formanninn. Ég gaf það alveg frá mér en síðan jókst sá þungi í janúar og ég ákvað að slá til,“ segir Guðrún.

Formannskjörið í síðustu viku var sögulegt, því enginn sitjandi formaður í tuttugu ára sögu SI hafði fengið mótframboð og tvær konur höfðu aldrei barist um embættið.

„Svo var þetta í fyrsta sinn sem formaður SI kemur frá póstnúmeri sem byrjar ekki á tölustafnum 1,“ segir Guðrún.

Hún segist vilja auka sýnileika SI og leggja sitt af mörkum til að auka veg iðnmenntunar á Íslandi.

„Ég vil sjá aðeins meira líf í samtökunum. Ég er markaðsdrifin manneskja og held að þessi samtök hafi kannski ekki markaðssett sig nóg. Ég held að samtökin þurfi að selja sig betur og ég vil að þau verði öflugasti málsvari iðnaðar á Íslandi.“

Guðrún lærði mannfræði í Háskóla Íslands og hún hefur starfað sem markaðsstjóri Kjöríss frá 2008. Faðir hennar, Hafsteinn Kristinsson, var einn af stofnendum fyrirtækisins og Guðrún var farin að vinna á verksmiðjugólfinu fimm ára gömul og fékk þá sín fyrstu laun.

„Faðir minn lagði áherslu á að við systkinin myndum læra að vinna hjá öðru fólki en ekki bara hjá honum. Við fórum öll í sumarvinnu hjá öðrum fyrirtækjum í Hveragerði og ég vann í nokkur sumur hjá Búnaðarbankanum þar og í Kringlunni. Svo vann ég í Eden eins og allir Hvergerðingar af minni kynslóð gerðu.“

Guðrún er gift Davíð Davíðssyni, sölustjóra hjá HB Granda, og þau eiga þrjú börn á aldrinum níu til 20 ára. Spurð um áhugamál segir Guðrún að hún hafi áhuga á nánast öllu.

„Ég hef áhuga á að borða góðan mat og mér finnst gaman að elda. Ég les og hef rosalega mikinn áhuga á leikhúsi. Svo finnst mér alltaf skemmtilegra og skemmtilegra að vinna í garðinum enda grær allt og dafnar í Hveragerði, eiginlega allt sem þú potar niður. Svo hef ég mikinn áhuga á fólki, það er gaman að hitta allt fólk og allar manneskjur hafa frá einhverju skemmtilegu að segja.“




**FORMAÐUR SI** Guðrún ákvað að bjóða sig fram til formanns í janúar síðastliðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Drífandi og hrókur alls fagnaðar



Guðrún er þriðja í röðinni af okkur fjórum systkinunum og sú eldri af litlu systrum mínum. Við höfum alltaf verið afskaplega náinn hópur og hittumst oft. Guðrún er hrókur alls fagnaðar hvar sem hún kemur en hún hefur alltaf átt afar auðvelt með að kynnast fólki. Nú orðið er varla slegið upp veislu í nánasta hópi öðru vísi en að hún sé veislustjóri. Eitt af hennar aðaleinkennum er reyndar alveg furðuleg óheppni oft á tíðum. Það er lyginni líkast hverju hún getur ekki lent í. Það hafa til dæmis ekki margir snúið sig á báðum fótum í einu! En Guðrún er afar ósérhlífin og bóngóð með afbrigðum. Hún er líka klár og þegar við bætist vænn skammtur af heilbrigðri skynsemi er ekki von á öðru en góðu úr hennar herbúðum.“

**Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðisbæjar**



„Við Guðrún höfum setið saman í stjórn Samtaka iðnaðarins í eitt ár en við þekktumst ekki fyrir þann tíma. Hún hefur langa reynslu af rekstri iðnfyrirtækis, í gegnum bæði góða tíma og slæma, og hún ber gott skynbragð á hvað hefur áhrif á rekstur iðnfyrirtækja. Mér finnst hún kynna sér málin vel og þegar hún hefur gert það virðist hún vera óhrædd við að fylgja eftir sinni eigin sannfæringu. Hún er drífandi manneskja sem ég held að eigi eftir að gera góða hluti fyrir samtökin.“

**Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls**

# ASUS SMÁTÖLVUR

Öflugar og hljóðlátar borðtölvur sem hægt er að festa aftan á tölvuskjái.
Kraftmiklar og hraðvirkar með nýjustu kynslóð Intel örgjörva
og háhraða þráðlausri tengingu með nýrri AC tækni.




RAUNSTÆRÐ: 19 sm

## VINNUSTÖÐVAR FRAMTÍÐARINNAR

VivoPC er spennandi nýjung frá Asus. Smátölvur sem hafa afköst og eiginleika stærri borðtölva. Fyrirtæki geta valið milli Intel Celeron, i3 eða i5 örgjörva eftir því hvað hentar vinnslu viðkomandi starfsmanns best. Intel HD skjástýring og hágæða hljómur með innbyggðum hátölurum og SonicMaster hljómtækni.

Glæsilega hönnuð og tekur lítið pláss á borði - aðeins 19 sm á breidd og lengd. VESA festing fylgir þannig að einnig hægt er að skrúfa smátölvuna aftan á tölvuskjá.

Traustur og hagkvæmur kostur fyrir þá sem vilja öflugar borðtölvur sem taka lítið pláss.




tl.is
TÖLVU LISTINN
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA
414-1710 / sala@tl.is

Ostastríð í uppsiglingu:

# Vilja banna ostanöfn

ESB vill banna notkun á evrópskum nöfnum eins og Parmesan á ostum sem framleiddir eru í Bandaríkjunum. Sömu kröfur eru gerðar vegna Feta- og Gruyere-ostanna. Rökin eru þau að bandarísku ostarnir séu aðeins skuggar af upprunalegu evrópsku ostunum, sem grefur undan sölu og einkennum ostanna.

Bandarískir framleiðendur ætla að berjast gegn þessum kröfum, sem þeir segjað muni kosta þá milljónir dollara og rugla neytendur. - fbj

Fyrsta byssubúð Bandaríkjanna sem tekur við Bitcoin:

# Aukning á sölu 50 prósent með Bitcoin

„Það eru tveir hlutir sem við erum hrifnir af í Texas. Við erum hrifnir af fjárhagslegum stöðugleika og frelsi og við erum hrifnir af byssum.“ Þetta sagði Michael Cargill, eigandi byssubúðarinnar Central Texas Gun Works, við fréttamiðilinn Forbes.

Michael byrjaði í janúar að taka á móti rafræna gjaldmiðlinum Bitcoin og segir söluna hafa aukist um helming síðan. Mesta aukningin sé komin frá heimasíðu sem hann opnaði í kjölfar mikils fjölda fyrirspurna frá öllum hornum Bandaríkjanna.

Þrátt fyrir að ekki sé hægt að rekja byssukaupin séu þau greidd með Bitcoin segir Michael að áfram sé nauðsynlegt að fylla út alla pappíra eins og áður. Þá er einnig nauðsynlegt að standast bakgrunnsskoðun til að mega kaupa byssu. - skó

Tryggingafélagið tilkynnti á mánudag um bestu afkomu í níu ára sögu sinni:

# Vörður með 16% af markaðinum

„Vöxtur félagsins á undanförnum árum hefur verið á einstaklingsmarkaði og við metum að markaðshlutdeild félagsins sé í kringum 16 prósent og við erum væntanlega ekki langt að baki TM á þeim markaði,“ segir Guðmundur Jóhann Jónsson, forstjóri tryggingafélagsins Varðar.



**VOTTAÐ** Vörður fékk Jafnlaunavottun VR síðastliðinn föstudag fyrst íslenskra fjármálafyrirtækja.

Afkoma félagsins á síðasta ári var sú besta í níu ára sögu þess en hagnaður eftir skatta nam 506 milljónum króna samanborið við 431 milljón árið 2012.

„Við höfum hins vegar sett okkur markmið um að auka hlutdeild félagsins á fyrirtækjamarkaði. Þar hefur okkur orðið ágætlega ágengt en við teljum félagið eiga mikið inni. Þegar núverandi eigendur komu að félaginu var breytt um stefnu og í stað þess að leggja mikla áherslu á vöxt jukum við áherslu á gæði og arðsemi. Það hefur skilað góðum árangri á síðustu árum,“ segir Guðmundur. - hg


AÐALFUNDUR CCP hf.

Aðalfundur CCP hf., kt. 450697-3469, verður haldinn 27. mars 2014 á skrifstofu félagsins að Grandagarði 8, Reykjavík og hefst kl. 16:00.

DAGSKRÁ:

Venjuleg aðalfundarstörf skv. gr. 4.07 samþykkta félagsins, þar á meðal:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um hag félagsins og rekstur á liðnu starfsári
2. Ársreikningur félagsins fyrir tímabilið sem lauk 31. desember 2013 verður lagður fram til staðfestingar
3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar eða taps félagsins
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna
5. Tillögur um breytingar á samþykktum sem löglega eru fram bornar
6. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins
7. Kosning stjórnar
8. Kosning endurskoðenda
9. Önnur mál löglega færð til fundarins

Að þessu sinni gerir félagið ekki ráð fyrir breytingartillögum á samþykktum félagsins. Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn CCP hf. skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins eigi síðar en 5 sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér.

Dagskrá, ársreikningur félagsins og aðrar endanlegar tillögur munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis frá og með 20. mars 2014, 7 dögum fyrir aðalfundinn.

Aðalfundarstörf munu fara fram á ensku.

Reykjavík 12. mars 2014

Stjórn CCP hf.

CCP




# Rangt skilgreindur forsendubrestur


**SKOÐUN**
Bjarni Gunnarsson
verkfræðingur




> Líkleg afleiðing boðaðrar skuldalækkunar er um 20% lækkun íbúðaverðs. Með því er verið að búa til svipað misgengi íbúðaverðs og fasteignalána og gerðist eftir hrun.

Þessa dagana er mikið rætt um forsendubrestinn og stökkbreyttu verðtryggðu húsnæðislánin og svo aðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna forsendubrestsins.

Ég vil hér benda á að hækkun verðtryggðu lánanna eftir hrun er ekki vandamálið, heldur innistæðulaus hækkun íbúðaverðs fyrir hrun, aðallega árin 2004 til 2007. Með því að skoða á meðfylgjandi mynd vísitölur um hækkun íbúðaverðs, verðtryggingar og launa árin fyrir hrun sést þessi innistæðulausa hækkun íbúðaverðs greinilega þar sem húsnæðisverð hækkaði um 84,4% frá jan. 2004 til jan. 2008 á meðan verðtryggða vísitalan hækkaði 42,6% á sama tíma. Árin fyrir hrun var auðvelt að fá lán til íbúðakaupa og þá var það hugsunarhátturinn að ekki væri hægt að tapa á því að kaupa húsnæði. Margir voru að kaupa húsnæði þá og kaupin gengu þannig að ekkert tiltökumál var að hækka tilboð um 1 m.kr. í dag og aðra milljón á morgun til að ná því húsnæði sem átti að kaupa. Þeir sem ekki keyptu húsnæði á þessum árum (þ.m.t. undirritaður) lentu ekki í vandræðum vegna húsnæðislána þar sem hækkun launa, húsnæðis og verðtryggingar héldust í hendur ef horft er fram hjá hækkun og svo lækkun húsnæðis árin 2004 til 2010.

Niðurstaðan samkvæmt því sem lesið er út úr myndinni er því sú að fyrst og fremst ætti að aðstoða þá sem voru að kaupa sína fyrstu íbúð umrædd ár 2004 til 2008 eða voru að stækka við sig þá. Aðrir ættu ekki að fá aðstoð/niðurgreiðslu lána og svo sést á myndinni að þeir sem voru að minnka við sig húsnæði þessi ár græddu vel á því. Með boðaðri almennri lækkun lána er í raun verið að strika út lækkun til þeirra sem þegar hafa fengið leiðréttingu og svo er spurning hvort einhverjir sitji ekki eftir með of litla leiðréttingu.

### Að búa til forsendubrest

Hér vil ég benda á að líkleg afleiðing boðaðrar skuldalækkunar er um 20% lækkun íbúðaverðs. Með því er verið að búa til svipað misgengi íbúðaverðs og fasteignalána og gerðist eftir hrun þar sem fjöldi manns kemur til með að skulda um 120% af verðmati síns húsnæðis ef lækkun íbúðaverðs gengur eftir. Er ekki óþarfi að búa til svona misgengi meðvitað eða ætla menn þá að fara aftur í almennar skuldalækkanir?

### Hvað er til ráða?

Ríkisstjórnarflokkarnir vilja banna verðtryggingu og sé ég engan tilgang í því, af hverju mega ekki þeir sem vilja taka verðtryggð lán? Nær væri að stjórnarherrarnir bönnuðu verðbólgu sem er rót alls þess vanda sem hér er fjallað um. Ég tel víst að við losnum ekki við verðbólguna með íslensku krónuna sem gjaldmiðil. Það virðist samt vera það sem ríkisstjórnarflokkarnir eru sammála um, að nota íslensku krónuna um ókomna framtíð.

Hér er um að ræða stytta útgáfu greinar minnar um „Rangt skilgreindan forsendubrest“. Í óstyttri útgáfunni sem er birt á Visir.is sýni ég dæmi um íbúðakaup árin 2000, 2004, 2006 og 2008 þar sem þessar íbúðir eru seldar árið 2010. Einnig segi ég frá íbúðakaupum mínum árið 1980 þegar verðtryggða lánið mitt hækkaði um 760% (1 m.kr. hækkaði í 8,6 m.kr) á fimm árum meðan launavísitalan hækkaði um 580%, það var mikill forsendubrestur.

**VÍSITÖLUR Í JANÚAR HVERT ÁR**





# „Framúrskarandi akstursupplifun“

## Ford Kuga Titanium AWD.

Yfirburðir Ford Kuga liggja í óviðjafnanlegum aksturseiginleikum, fyrsta flokks öryggi og hámarks þægindum.

Ford Kuga fær þig til að brosa í hvert skipti sem þú sest undir stýri. Komdu og prófaðu.

Brimborg fagnar 50 árum í bílgreininni og af því tilefni fylgja ný Nokian vetrardekk og dráttarbeisli að verðmæti 365.000 kr. öllum Ford Kuga í mars. Nýttu tækifærið.

**Beinskiptur með dísilvél frá 5.790.000 kr.**
**Sjálfskiptur með dísilvél frá 6.490.000 kr.**
**Sjálfskiptur með bensínvél frá 6.190.000 kr.**




ford.is

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Vissir þú að Ford Kuga er öruggasti bíllinn í sínum flokki?
Öryggi skiptir miklu máli en það gerir staðalbúnaðurinn líka. Ford Kuga stenst þann samanburð fyllilega líka enda búinn skynvæddu fjórhjóladrifi, Ford SYNC raddstýrðu samskiptakerfi með Bluetooth búnaði fyrir GSM síma og neyðarhringingu, Titanium leðuráklæði á slitflötum sæta, 17” Titanium álfelgum, upphitanlegri framrúðu, starthnappi, regnskynjara í framrúðu og langboga með álútliti. Síðan er að sjálfsögðu hægt að sérpanta. Ford Kuga hefur sérstöðu í úrvali og verði aukabúnaðar. Afgreiðslutími sérpantana er einnig styttri en almennt gerist. Pantaðu bílinn eins og þú vilt hafa hann! Það er margt í boði. Við mælum með að þú byrjir á að kíkja við í reynsluakstur - við tökum vel á móti þér!

Ford Kuga AWD 2,0 TDCi dísil 140 hö. 6 gíra beinsk./sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9/6,2 l/100 km. $CO_2$ losun 154/162 g/km.
Ford Kuga AWD 1,6i EcoBoost bensín 182 hö. sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 7,7 l/100 km. $CO_2$ losun 179 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## *Hin hliðin*




**INGIBJÖRG GRÉTA GÍSLADÓTTIR,**
NÝSKÖPUNARFRÆÐINGUR OG EIGANDI REYKJAVIK RUNWAY.


Ein af birtingarmyndunum á hinu svokallaða „eftir kreppu"-tímabili er að fyrirtæki leitast við að úthýsa afmörkuðum afleiddum verkefnum og spara þannig bæði tíma og peninga sem aftur gerir þeim betur kleift að einbeita sér að kjarnastarfsemi sinni.

Með því að nýta sér möguleikana sem felast í að úthýsa geta fyrirtæki fengið aðgang að sérfræðiþekkingu á við stóra deild, einfaldað rekstur sinn til muna, ásamt því að fara hægar í allar mannaráðningar og breytingar á strúktúr fyrirtækisins.

### Tekið kipp

Verktakar sem slíkir eru ekkert nýir af nálinni en fagaðilar á fyrirtækjamarkaði sem gagngert vinna á þessum forsendum eru nýir af nálinni. Þessi tegund nýsköpunar fellur undir þjónustunýsköpun sem hvort sem er getur verið einstaklingur eða rannsókna- og þjónustudeild innan fyrirtækis. Þau fyrirtæki sem eru fær um að nota nýsköpun til að endurbæta verkferla eða sérhæfa vöru og þjónustu eru oft talin standa betur að vígi en keppinautarnir hvað varðar markaðshlutfall, arðsemi, vöxt og fjárfestingu. Það er því engin furða að þjónusta af þessu tagi hafi tekið kipp upp á síðkastið.

### Nýsköpun

Eins og nafnið bendir til er hvers kyns nýsköpun sköpun sem leiðir til nýnæmis hvort sem um er að ræða nýja vöru/þjónustu eða nýjan vinkil á sama. Nýsköpunarferlið sjálft túlkaði hagfræðingurinn Schumpeter, sem var uppi á síðustu öld, sem upphafsbreytu í hagsveiflu þjóðfélagsins. Hans kenning var að þegar nýsköpun kæmi fram á sjónarsviðið yrði ákveðin lækkun á kostnaði, þá aðlagaði markaðurinn sig að því sem áður var ófært og nýsköpun yrði staðreynd. Virðiskeðjan endurnýjaðist í kjölfarið, lestaráhrif kæmu til, fleiri notfærðu sér hina nýju þekkingu sem aftur leiddi af sér samdrátt og kreppu og þá væri þjóðfélagið fyrst tilbúið til að hefja nýsköpun á ný.

### Hönnun

Hönnuðir þekkja mætavel bæði til úthýsingar og nýsköpunar. Í upphafi starfsferilsins eru þeir oftar en ekki einyrkjar sem fyrirtæki úthýsa verkefnum til áður en þau átta sig á mikilvægi þeirra í nýsköpun, lausnum og útfærslum sem aftur getur sparað fyrirtækjum mikinn tíma og pening. Hönnun og viðskipti eru nefnilega flottasta parið á ballinu.

Samkvæmt kenningu Schumpeters erum við í upptakti nýrrar hagsveiflu þar sem nýsköpun blómstrar sem aldrei fyrr og flottasta parið býður upp í dans!


Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT

Barnaheill
Save the Children á Íslandi





Þrírétta matseðill og tveggja tíma hláturskast

IÐNÓ

20-23. mars kl 19:30




'a two-hour eat, drink and laugh sensation' (Daily Telegraph, UK)

'a rip-roaringly hilarious night out' (This is London)

„The wackiest and happiest experience you´ll ever have"

Margrómuð verðlaunaleiksýning sem hefur farið sigurför um allan heim. Byggt á hinum frábæru sjónvarpsþáttum Fawlty Towers.Þú kemur í mat í leikhússal Iðnó og færð frábæran þriggja rétta málsverð ásamt því að kitla hláturtauganarnar allsvakalega, því á meðan á borðhaldi stendur mun hinn stórskrýtni Basil, ásamt konu sinni, Sybil og þjóninum frá Barcelona, Manuel þjóna gestum á sinn einstaka hátt...

Miðasala og nánari upplýsingar á midi.is og í síma 562-9700.

# Aukakílóin og þreytuna burt!




**Ekki lyst á morgunmat? Brauð og kex síðdegis? Tómstundaát á kvöldin og aukakíló?**

**Ef þetta er lýsing á þér þá er heilbrigð og orkugefandi lífstílsbreyting lausnin.**



## Á hverjum degi SEX tegundir af lífrænu grænmeti

Ultimate Veggies grænmetisduft er millimáltíð beint úr matjurtagarðinum. Mettar þægilega, grennir þig og er stútfullt af næringarefnum sem þú þarfnast daglega. Ríkuleg neysla grænmetis kemur á insúlínjafnvægi og eykur fitubrennslu líkamans á náttúrlegan hátt. Gefur orku og vellíðan í allt að 3 klukkutíma, lengsta og besta blóðsykurjöfnun sem völ er á kemur úr grænmeti. Næringarefnin fara beinustu leið út í líkamann og löngun í „draslmat" hverfur. Orka og skýrleiki tekur við.



## Bragðgott í safa, 1 kúfuð teskeið

Ultimate Veggies er fæða fyrir alla aldurshópa. **40 millimáltíðir.**

**100% VÍSINDI NÁTTÚRUNNAR**



## Sverrir Björn Þráinsson

**Viðurkenndur grenningarráðgjafi og pistlahöfundur. Sporthúsinu, Kópavogi**

„Það hefur sannast hjá mínum viðskiptavinum og sjálfum mér að með notkun LifeStream Ultimate Veggies sem millimál næst meira jafnvægi á blóðsykurinn. Mun auðveldara reynist að stjórna fæðuvali sem eftir lifir dags. Handhægt til inntöku og hægt að njóta hvar og hvenær sem er. Með einni skeið færðu næringaríkan dagskammt af öllu því grænmeti sem þú borðar sjaldnast. Ég mæli hiklaust með LifeStream Ultimate Veggies ef þú vilt ná betra jafnvægi, líðan og grennast um leið."

INNIHALD:
25% brokkolí
25% rauðrófur
25% spínat
5% steinselja,
10% rauðkál,
10% gulrætur

Engin fylliefni, GMO frítt

Fæst í apótekum,
heilsubúðum, Krónunni,
Hagkaup og Nettó
Umboð: Celsus

lifestream
náttúruleg uppspretta bætiefna




## SUDOKU

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | 3 | 4 | 9 | 5 | | | |
| 5 | | | | | 8 | | | |
| | | 4 | 7 | 3 | 6 | | 5 | |
| | 2 | 7 | | 6 | 3 | | | 4 |
| | 3 | | 5 | 4 | 9 | | 7 | |
| | | 5 | 2 | | 7 | | | 6 |
| 3 | | 2 | | | | 9 | | |
| 9 | | | | 5 | 1 | 7 | | |
| | | | | | | | 3 | |

MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 3 | 2 | 5 | | | 8 |
| | 7 | | | | | | | 2 |
| | | | 7 | | 9 | | | |
| | 6 | 9 | | 5 | | 7 | | |
| | | | | 6 | | 9 | 2 | 1 |
| 3 | | | | | | | | |
| 1 | | | | | | | 6 | 7 |
| | 4 | | 8 | | | | | |
| 7 | 9 | 8 | | | 2 | 3 | 4 | |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | 5 | | 4 | | 3 | |
| | 5 | 8 | | | 7 | 4 | | 1 |
| 6 | | | | | | | | |
| | | | 9 | | | | | |
| 2 | 6 | 9 | | | 8 | 7 | | |
| | | | 4 | | | | 2 | |
| | 2 | 5 | | | | | 8 | 3 |
| 8 | | | | | 2 | 6 | 7 | |
| | | | | | 9 | | 1 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 4 | 9 | 3 | 6 | 1 | 7 | 8 | 2 |
| 6 | 7 | 1 | 4 | 8 | 2 | 3 | 5 | 9 |
| 8 | 2 | 3 | 5 | 9 | 7 | 1 | 6 | 4 |
| 7 | 5 | 2 | 8 | 1 | 4 | 6 | 9 | 3 |
| 9 | 8 | 4 | 7 | 3 | 6 | 2 | 1 | 5 |
| 1 | 3 | 6 | 9 | 2 | 5 | 4 | 7 | 8 |
| 2 | 9 | 7 | 6 | 4 | 8 | 5 | 3 | 1 |
| 3 | 1 | 5 | 2 | 7 | 9 | 8 | 4 | 6 |
| 4 | 6 | 8 | 1 | 5 | 3 | 9 | 2 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 2 | 4 | 7 | 3 | 9 | 1 | 8 | 5 |
| 8 | 7 | 5 | 1 | 2 | 4 | 9 | 3 | 6 |
| 3 | 9 | 1 | 6 | 5 | 8 | 4 | 7 | 2 |
| 9 | 3 | 6 | 8 | 1 | 5 | 2 | 4 | 7 |
| 1 | 8 | 7 | 2 | 4 | 3 | 5 | 6 | 9 |
| 4 | 5 | 2 | 9 | 7 | 6 | 3 | 1 | 8 |
| 2 | 4 | 9 | 3 | 8 | 7 | 6 | 5 | 1 |
| 5 | 1 | 8 | 4 | 6 | 2 | 7 | 9 | 3 |
| 7 | 6 | 3 | 5 | 9 | 1 | 8 | 2 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 2 | 9 | 1 | 8 | 4 | 3 | 5 | 6 |
| 5 | 8 | 3 | 9 | 6 | 2 | 7 | 1 | 4 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 9 | 2 | 8 |
| 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 | 6 | 7 | 3 |
| 2 | 7 | 6 | 3 | 4 | 1 | 8 | 9 | 5 |
| 9 | 3 | 5 | 6 | 7 | 8 | 1 | 4 | 2 |
| 8 | 5 | 7 | 4 | 9 | 6 | 2 | 3 | 1 |
| 3 | 9 | 2 | 8 | 1 | 5 | 4 | 6 | 7 |
| 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 3 | 5 | 8 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Rannsóknir hafa sýnt að besta leiðin til að vera hamingjusamur er að fylla hvern dag af hamingju.“**

*Deepak Chopra*

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT 2.** naumur, **6.** tónlistarmaður, **8.** vætla, **9.** spíra, **11.** í röð, **12.** kryddblanda, **14.** trimm, **16.** Hæð, **17.** að, **18.** lyftist, **20.** gyltu, **21.** geð.

**LÓÐRÉTT 1.** tafl, **3.** grískur bókstafur, **4.** sambandsríkis, **5.** flan, **7.** sígild list, **10.** struns, **13.** dá, **15.** klámfengin, **16.** tímabils, **19.** átt.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** spar, **6.** kk, **8.** íla, **9.** ála, **11.** rs, **12.** karrí, **14.** skokk, **16.** ás, **17.** til, **18.** rís, **20.** sú, **21.** skap.

**LÓÐRÉTT: 1.** skák, **3.** pí, **4.** alríkis, **5.** ras, **7.** klassík, **10.** ark, **13.** rot, **15.** klúr, **16.** árs, **19.** sa.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

Helgi Ólafsson (2.546) hafði svart gegn Walter Browne (2.444) í áttundu umferð N1 Reykjavíkurskákmótsins. **Svartur á leik:**



**32. … Re2+! 33. Kf2** (33. Rxe2 Dxd2 og hvíta staðan hrynur) **33. … Rxd4 34. cxd4 Dh4+ 35. g3 Dh2+ 36. Rg2 He2+! 37. Kxe2 Dxg2+38. Hf2 Bxf3+!** Glæsilega teflt hjá Helga sem var efstur Íslendinga eftir átta umferðir. **www.skak.is**: Lokaumferð N1 Reykjavíkurskákmótsins kl. 12.00.




# BIOTHERM BOMBA

## Í LYFJU LÁGMÚLA, LAUGAVEGI, SMÁRATORGI OG KEFLAVÍK

### MIÐVIKUDAGINN 12. TIL FÖSTUDAGS 14. MARS

# 20%

**KYNNINGARAFSLÁTTUR**
**AF ÖLLUM**
**BIOTHERM VÖRUM.**

Kaupaukinn* þinn þegar þú kaupir Biotherm vörur fyrir 7.900 kr. eða meira.




*Gildir meðan birgðir endast á kynningu. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

**Tilboðið gildir í Lyfju Lágmúla, Laugavegi, Smáratorgi og Keflavík**

LYFJA
– Lifið heil



**PÉTUR EGGERZ** í hlutverki Jóns Steingrímssonar.

Síðasta sýning á Eldklerkinum í Tjarnarbíói:

## Eldklerkurinn kveður

**Síðasta sýning á einleiknum Eldklerkinum í Tjarnarbíói verður annað kvöld klukkan 20.**

**Verkið, sem var frumsýnt á Kirkjubæjarklaustri 1. nóvember síðastliðinn, hefur hlotið afburðadóma og góðar viðtökur áhorfenda. Að sýningum í Tjarnarbíói loknum taka við leikferðir með sýninguna um landið.**

**Það er Möguleikhúsið sem stendur að sýningunni en leikverkið er að mestu byggt á skrifum séra Jóns Steingrímssonar, sem kunnastur er fyrir eldmessuna er hann flutti í miðjum Skaftáreldum.**

**Höfundur handrits og leikari er Pétur Eggerz, leikstjóri Sigrún Valbergsdóttir, leikmynd gerði Rósa Sigrún Jónsdóttir, búninga Thelma Björnsdóttir og hljóðmynd er eftir Guðna Franzson.**





NÝ SÝNING
SUNNUDAGINN 6. APRÍL
KOMIN Í SÖLU!

15. MARS - UPPSELT
16. MARS - UPPSELT
22. MARS - UPPSELT
29. MARS - UPPSELT
6. APRÍL - LAUS SÆTI

ALLAR SÝNINGAR HEFJAST KL. 20

ÍSLENSKA ÓPERAN

MIÐASALA Í HÖRPU OG Á HARPA.IS
MIÐASÖLUSÍMI 528 5050



Atvinnuþróun og uppbygging í Reykjavík

Reykjavíkurborg býður í dag til morgunfundar um stöðu atvinnuþróunar, ferðaþjónustu og uppbyggingu mannvirkja í borginni.

Fundurinn er framhald af fjölsóttum fundi sem haldinn var fyrir áramót. Kynnt verður í myndum og máli staða ýmissa verkefna er tengjast atvinnuþróun, ferðamennsku og mannvirkjagerð í Reykjavík.

Velkomin í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur í dag kl. 09.00-10.30 Kaffiveitingar frá kl. 08.30.



www.reykjavik.is/sea




**LÁRA AÐALSTEINSDÓTTIR:** „Við erum oft einangruð í litlum einkaheimum og þetta sprengir svolítið upp landamærin á milli fólks.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Andrými fyrir orðlistarfólk

Reykjavík Bókmenntaborg býður til samkomu í kvöld og annan miðvikudag hvers mánaðar héðan í frá. Samkomurnar kallast Andrými.

Andrýmið er hugsað sem samastaður fyrir fagfólk í orðlistargeiranum til þess að hittast og ræða saman,“ segir Lára Aðalsteinsdóttir, verkefnastjóri hjá Reykjavík Bókmenntaborg, „Þessi hugmynd er búin að vera á sveimi lengi, eiginlega alveg síðan Reykjavík hlaut titilinn Bókmenntaborg UNESCO. Fyrirmyndin er meðal annars sótt til Bókmenntaborgarinnar Edinborgar, en þar hefur „Literary Salon“ verið haldið úti um árabil og orðið frjór og skemmtilegur vettvangur fyrir orðlistarfólk til að máta hugmyndir og tengjast á nýjan hátt. Því þótt við höldum kannski að við séum öll að vinna saman þá erum við oft einangruð í litlum einkaheimum og þetta sprengir svolítið upp landamærin á milli fólks.“

Fyrirhugað er að samkomurnar verði haldnar á barnum í Tjarnarbíói annan miðvikudag hvers mánaðar og standi frá klukkan 20 til 22. Fyrsta samkoman er í kvöld og þar mun Þorsteinn Guðmundsson, grínisti og rithöfundur, flytja hugvekju og Margrét Bjarnadóttir lesa úr sinni fyrstu bók, Líf mitt, til dæmis. Lára segir þó ekki meininguna að hafa skipulagða dagskrá á hverri samkomu, þetta sé fremur hugsað sem vettvangur fyrir fólk í geiranum til að tengjast. „Það sem við erum að reyna er að koma á faglegu samtali milli þeirra sem hafa orðlist að lifibrauði, hvort sem það eru rithöfundar, útgefendur, bóksalar, viðburðahaldarar, bókasafnafólk, fjölmiðlafólk eða aðrir sem starfa á þessum vettvangi.“

fridrikab@frettabladid.is

# Góðir kraftar á Gamlingjanum

Gamlinginn er heiti tónleika sem verða í Lindakirkju í kvöld til styrktar orlofsdvöl aldraðra.

Jóhanna Guðrún, Eyþór Ingi, Regína Ósk, Páll Rósinkranz, Davíð Sigurgeirsson gítaristi og tríóið Gospeltónar sem þau Fanny K. Tryggvadóttir, Hrönn Svansdóttir og Óskar Einarsson skipa koma fram á tónleikunum Gamlingjanum í kvöld í Lindakirkju. „Þetta er frábær hópur sem allur gefur vinnu sína og stuðlar þannig að því að fólk sem annars gæti hvergi farið komist í orlofsdvöl í sumar,“ segir Þórey Dögg Jónsdóttir, djákni og framkvæmdastjóri ellimálaráðs Reykjavíkurprófastsdæma.

Þórey Dögg tók við í haust sem framkvæmdastjóri ellimálaráðs Reykjavíkurprófastsdæmanna.



**ÞÓREY DÖGG JÓNSDÓTTIR**

Hún kveðst strax hafa ákveðið að ganga út frá því að hún fengi nei frá ríkisstjórninni við styrkbeiðni í ár og það hafi gerst fyrir fáum vikum. „Þá var ég búin að gera ráðstafanir sjálf til að ná í peninga í þetta verkefni,“ segir hún. „Kirkjuna fæ ég fyrir ekki neitt, biskupinn verður heiðursgestur og tónlistarfólkið leggur fram krafta sína af höfðingsskap.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 20.

gun@frettabladid.is


STOPP
GÆTUM GARÐSINS
FYRIR NÁTTÚRUVERND
18. MARS 2014
DARREN ARONOFSKY
FRUMSÝNIR NOAH Í SAMBÍÓUNUM EGILSHÖLL
TÓNLEIKAR Í HÖRPU:
BJÖRK LYKKE LI
OF MONSTERS AND MEN
PATTI SMITH SAMARIS
HIGHLANDS MAMMÚT
RETRO STEFSON
SÖFNUNARREIKNINGUR
KT: 640971-0459
RNR: 0301-13-302792
NATTURUVERND.IS
LANDVERND.IS
MIÐAR:
HARPA.IS
MIDI.IS

# Milljarðamæringar í músíkbransanum

Billboard hefur tekið saman lista yfir þá tónlistarmenn sem öfluðu mestra tekna á síðasta ári. Viss kántríslagsíða er á listanum en þrír listamenn úr þeim geira komast inn á topp tíu listann. Það slær samt enginn kántríprinsessuna Taylor Swift út sem trónir á toppnum. Þá skipar verðandi Íslandsvinurinn Justin Timberlake þriðja sætið með tekjur uppá 3,5 milljarða króna á árinu 2013.



## 1 TAYLOR SWIFT
**TEKJUR** $39,7 MILLJÓNIR
EÐA 4,5 MILLJARÐAR KR.

Poppsöngkonan Taylor Swift er aðeins 23ja ára gömul en náði að rústa samkeppninni á síðasta ári. Hún hefur skapað sér tekjur ekki aðeins með plötusölu heldur einnig með ýmiss konar vörum og auglýsingasamningum. Á lista Billboard yfir mest seldu plöturnar er hún í áttunda sæti en nær í sjötta sæti á stafræna listanum enda var efni hennar hlaðið niður tæplega tíu milljón sinnum árið 2013. Söngkonan er líka framar öllum þegar kemur að tónleikaferðalögum og er áætlað að RED-tónleikaferðalag hennar hafi halað inn um þrjátíu milljónir dollara. Í tengslum við tónleikaferðalagið gerði hún samninga við vörumerkin Keds, Elizabeth Arden og Diet Coke en ekki liggur fyrir hve miklu þeir samningar skiluðu.



## 2 KENNY CHESNEY
**TEKJUR** $33 MILLJÓNIR
3,7 MILLJARÐAR KR.

Kenny er í öðru sæti yfir þá kántrísöngvara sem hafa náð lögum í toppsæti á Billboard 200-listanum en í fyrsta sæti er sjálfur Garth Brooks. Hann gaf út plötuna Life on a Rock í fyrra og náði að halda sinni stöðu sem konungur tónleikaferðalaganna þegar hann náði því að að spila fyrir meira en milljón áhorfendur, tíunda tónleikaferðalagið í röð.

## 3 JUSTIN TIMBERLAKE
**TEKJUR** $31,5 MILLJÓNIR
3,5 MILLJARÐAR KR.



Justin kom tvíefldur inn á sjónarsviðið í fyrra eftir sjö ára hlé í tónlistarbransanum. Hann gaf út sína fyrstu plötu síðan árið 2006, The 20/20 Experience og hefur verið öflugur á tónleikaferðalagi sem endar eins og margir vita hér á Íslandi næsta sumar. Á síðasta ári skemmti hann fyrir tæplega eina milljón áhorfenda á 39 tónleikum og skilaði tónleikahaldið um 43 milljónum dollara í kassann. Lagið Suit & Tie fékk mesta spilun á fyrstu viku sinni í loftinu í sögu Billboard 40-listans yfir tónlist sem höfðar til fjöldans.



## 4 BON JOVI
**TEKJUR** $29,4 MILLJÓNIR
3,3 MILLJARÐAR KR.

Hljómsveitin fór í tónleikaferðalagið Because We Can í fyrra og varð það ferðalagið á síðasta ári sem skilaði mestum hagnaði allra slíkra tónleikaferða. Bandið gaf út plötuna What About Now og fór hún í fyrsta sæti á Billboard 200-listanum. Þá var lögunum þeirra hlaðið rúmlega 1,5 milljón sinnum. Áætlað að aðdáendur sveitarinnar kaupi vörur tengdar tónlistinni fyrir tvær milljónir dollara á ári á netinu, um 225 milljónir króna.



## 5 THE ROLLING STONES
**TEKJUR** $26,2 MILLJÓNIR
3 MILLJARÐAR KR.

Lengi lifir í gömlum glæðum og náðu gömlu brýnin í The Rolling Stones að hala inn um áttatíu milljónir dollara, um níu milljarða króna, á fimmtán tónleikum um Norður-Ameríku til að fagna fimmtíu ára afmæli sveitarinnar. Þá bættu þeir nokkrum nýjum lögum við smellapakkann sinn Grrr! en hann hefur selst í tæplega þrjú hundruð þúsund eintökum og verið hlaðið niður 1,5 milljón sinnum. Erfitt að toppa það!



## 6 BEYONCÉ
**TEKJUR** $24,4 MILLJÓNIR
2,8 MILLJARÐAR KR.

Tónlistarkonan kom öllum á óvart þegar hún gaf út fimmtu stúdíóplötu sína á iTunes en hún fór strax í fyrsta sæti á Billboard 200-listanum og seldist í 617 þúsund eintökum fyrstu vikuna. Tónleikaferðalagið hennar, Mrs. Carter Show, komst á áttunda sætið yfir 25 arðvænlegustu ferðalögin hjá Billobard og hlotnaðist Beyoncé sá heiður að skemmta í hálfleik Super Bowl-leiksins.

## 7 MAROON 5
**TEKJUR** $22,3 MILLJÓNIR
2,5 MILLJARÐAR KR.



Bróðurpartur tekna sveitarinnar kemur úr tónleikaferðalögum, eða 17,6 milljónir dollara, tæplega tveir milljarðar króna. Lagið Payphone náði öðru sæti á Billboard Hot 100-listanum en lagið One More Night var á toppi listans í níu vikur í röð. Er plötusala þeirra á síðasta ári metin á 1,4 milljónir dollara, tæplega 160 milljónir króna.



## 8 LUKE BRYAN
**TEKJUR** $22,1 MILLJÓNIR
2,5 MILLJARÐAR KR.

Luke er ein skærasta stjarnan í kántríheiminum og hefur selt um 2,7 milljónir platna og 7,6 milljónir laga á netinu. Þá græddi hann 15,4 milljónir dollara á tónleikaferðalagi sínu í fyrra, rúmlega 1,7 milljarða króna og var fenginn til að vera meðkynnir á kántrítónlistarverðlaununum.

## 9 PINK
**TEKJUR** $20,1 MILLJÓNIR
2,3 MILLJARÐAR KR.



Pink fór í tónleikaferðalag um heiminn og afrekaði það að selja upp á átján tónleika í röð í Melbourne í Ástralíu. Hennar helsti smellur, Just Give Me a Reason með Nate Ruess, fleytti henni langt í plötusölu og náði á topp Billboard Hot 100-listans.



## 10 FLEETWOOD MAC
**TEKJUR** $19,1 MILLJÓNIR
2,2 MILLJARÐAR KR.

Meirihluti tekna sveitarinnar skapaðist vegna tónleikaferðalags þeirra en hljómsveitin spilaði í 34 borgum víðs vegar um heiminn. Þá gaf sveitin út sína fyrstu stúdíóplötu í áratug, Extended Play, sem náði 48. sætinu á Billboard 200-listanum.

Ætlar þú að **breyta** um **lífsstíl?**

Að námskeiðinu standa m.a. hjúkrunarfræðingar, íþróttafræðingar, læknir, næringarfræðingur, sálfræðingar og sjúkraþjálfarar.



**Heilsulausnir**
Henta einstaklingum sem glíma við offitu, hjartasjúkdóma og/eða sykursýki.

- Heilsulausnir hefjast mánudaginn 24. mars
- Mán, mið og fös kl. 07:20, 12:00 eða 17:30
- Verð kr. 17.500 pr. mán. í 12 mán.
- Skráning í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

**Kynningarfundur fimmtudaginn 13. mars kl. 18:30 – Allir velkomnir!**

HEILSUBORG
Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 14-0472

Draumabíllinn

Nýjasta útgáfa Mercedes-Benz E-Class er sérlega glæsilegur bíll sem sameinar sportlega akstursseiginleika og lúxus. Nýjasta öryggistækni og 4MATIC aldrifsbúnaðurinn tryggja stöðugleika við allar akstursaðstæður t.d. í mikilli úrkomu, ísingu eða snjó. Hann eyðir frá 6,4 l/100 km í blönduðum akstri.

Hjá Öskju á Krókhálsi 11 bíður þín glæsilegur E-Class til að skoða og reynsluaka.



Mercedes-Benz E-Class 250 CDI 4MATIC.
Verð frá 9.540.000 kr.

Mercedes-Benz

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“ á Facebook



2 bitar,
franskar
og gos
Sjóðheit
máltíð
á aðeins
1.199
kr.
Klassískir og
svooo góðir
PIPAR\TBWA • SÍA • 140120
Kjúklingabitarnir sem Sanders ofursti fullkomnaði árið 1940 og komu KFC á kortið. Klassískir og standa alltaf fyrir sínu.
Kryddaðir með 11 mismunandi kryddum og jurtum og steiktir til gullinnar fullkomnunar. Óviðjafnanleg blanda!
Láttu það eftir bragðlaukunum að rifja upp bragðið sem heimsbyggðin fær ekki nóg af – kynslóð fram af kynslóð.
KFC
svooogott™
WWW.KFC.IS

SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| 300: RISE OF AN EMPIRE 3D | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | |
| SAVING MR. BANKS | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | L |
| NON STOP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| WINTER'S TALE | KL. 10:20 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 8 | 12 |
| I, FRANKENSTEIN | KL. 10:30 | 12 |
| HR. PÍBODY OG SÉRMANN ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ENSTAL2D | KL. 8 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| 300: RISE OF AN EMPIRE | KL. 3D: 8 - 10:10 2D: 5:50 | 16 |
| GRAVITY 3D SALUR 1 (STÆRSTA TJALD LANDSINS) | KL. 5:50 | 12 |
| NON STOP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| I, FRANKENSTEIN | KL. 10:30 | 12 |
| HR. PÍBODY OG SÉRMANN ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| 300: RISE OF AN EMPIRE 2D | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| NON STOP | KL. 10:40 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 5:20 - 8 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| 300: RISE OF AN EMPIRE 2D | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| NON STOP | KL. 8 | 12 |
| 3 DAYS TO KILL | KL. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| 300: RISE OF AN EMPIRE 3D | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| SAVING MR. BANKS | KL. 8 | L |
| NON STOP | KL. 10:40 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 5:30 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |

SAMbio.is



SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| 300: RISE OF AN EMPIRE 3D | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 3D LÚXUS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL. TAL 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL. TAL 3D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| THE MONUMENTS MEN | KL. 8 - 10.35 | 12 |
| RIDE ALONG | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| ROBOCOP | KL. 8 - 10.35 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2 2D | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| SAVING MR. BANKS | KL. 6 - 9 | L |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 2D | KL. 5.50 | L |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 3D | KL. 5.50 | L |
| 3 DAYS TO KILL | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| THE MONUMENTS MEN | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| NYMPHOMANIAC PART 1 | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| AUGUST OSAGE COUNTY | KL. 5.30 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| 3 DAYS TO KILL | KL. 8 - 10.10 | 12 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 3D | KL. 6 | L |
| THE MONUMENTS MEN | KL. 10.10 | 12 |
| RIDE ALONG | KL. 6 - 8 | 12 |

Miðasala á: midi.is og e Miði



LAUGARÁS BÍÓ




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| 3 DAYS TO KILL | 8, 10:20 | 12 |
| THE MONUMENTS MEN | 8, 10:25 | 12 |
| RIDE ALONG | 6, 10:25 | 12 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 3D | 6 | L |
| DALLAS BUYERS CLUB | 5:45, 8 | 12 |




**ÓVÍST UM FRAMHALDIÐ** Lenu finnst ekki gaman að leika.

## Leiðist að mála sig

Girls-stjarnan Lena Dunham prýðir forsíðu tímaritsins Glamour. Þar talar hún meðal annars um útlit sitt og að henni leiðist að mála sig.

„Mér finnst ég fallegri ómáluð og bara með varasalva,“ segir Lena og segir það óvíst hvort hún haldi áfram að leika í Girls.

„Ég veit ekki hvort mig langar að leika meira. Ég er alltaf fegin þá daga sem ég þarf þess ekki. Mig langar frekar að veita öðrum konum hlutverk en að vera konan í hlutverkunum.“ **- lkg**

## Fram líða stundir

**BAKPANKAR**
Halla Þórlaug Óskarsdóttir



**ÞAÐ** er óþægilega mikið að gera hjá mér um þessar mundir. Þetta er auðvitað sjálfskaparvíti, ég tek að mér allt sem mér dettur í hug, bý mér til verkefni þess á milli, fresta svo öllu fram á síðustu stundu og skil svo ekkert í stressinu.

**ÉG** reyni að temja mér að segja nei við nýjum verkefnum og einbeita mér að þeim sem ég glími við nú þegar. En svo hringir amma. „Ætlarðu ekki að mæta?“ Maður segir ekki nei við ömmu sína. „Jú, auðvitað mæti ég. Passar svona líka stórvel,“ laug ég. Þetta passaði alls ekki vel, því ég átti að vera í skólanum. En maður segir ekki nei við ömmu sína. Svo ég skrópaði í skólanum til að spila félagsvist við eldri borgara.

**ÉG** var orðin virkilega stressuð fyrir þessa atrennu þegar ég mætti. Það var sprengidagur, dauf saltkjötsangan í loftinu og eldri borgararnir voru í ham, orkumiklir eftir hádegismatinn. „Nei, hér eru mættar dúkkulísur,“ sagði ókunnugur maður og blikkaði mig. Ég beit í tunguna á mér, brosti og sagði „já, já,“ rosalega hátt. Áður en leikar hófust fékk ég leiðbeiningar um hvernig best væri að skrá niður stigin á sem einfaldastan hátt. „Þegar fólk er komið yfir hundraðið fer það að ruglast í þessu,“ útskýrði maður sem sjálfur var ekki deginum eldri en 85.

**FLJÓTLEGA** gleymdi ég verkefnunum sem biðu mín heima, enda orðin mjög áköf í spilunum. Þessir eldri borgarar voru stórskemmtilegir. Ég lærði alls konar orðatiltæki sem ég hef ekki hugmynd um hvað þýða, fékk að sjá ævafornt húðflúr og heyra söguna á bak við það sem reyndist vera nokkuð dæmigerð djammsaga, hlustaði á fjörgamlar konur spekúlera hvort þessi eða hinn pólitíkusinn væri drykkjumaður og í hléinu drakk ég kaffi með ömmu, ömmusystur og afabróður. Það gerist ekki mikið betra.

**EFTIR** hlé kom upp ágreiningur um hver ætti að sitja hjá eina umferð og allt virtist ætla um koll að keyra, en þá heyrðist róandi rödd í kallkerfinu: „Verið þið róleg, elskurnar mínar, það eina sem við eigum enn þá nóg af, það er tími.“





**SPEKÚLANTAR** Jónatan er tónlistarsérfræðingur mikill og Magnús hefur notið velgengni sem leikstjóri tónlistarmyndbanda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON/VILLI

# YouTube kemur til bjargar

**Tónlistarmyndbönd hafa sótt í sig veðrið að undanförnu og eru þau af mörgum talin ein vænlegasta leiðin til að koma efni á framfæri. Með tilkomu YouTube hafa tónlistarmenn tök á að kynna efni sitt fyrir heiminum.**

Íslensk tónlistarmyndbönd hafa að undanförnu látið meira á sér bera en undanfarin ár. Til að mynda er flokkurinn Myndband ársins kominn á ný inn í Íslensku tónlistarverðlaunin. Sá flokkur kom til sögunnar árið 2001 og lifði tíu ár í farsælu lífi til ársins 2006 en þá var flokkurinn að ákveðnu leyti tekinn út, enda lítið af myndböndum í framleiðslu á þeim tíma. Á árunum 2007 til 2012 voru engar tilnefningar til myndbanda ársins heldur eingöngu valið eitt myndband sem varð sigurvegari. Hins vegar var flokkurinn á ný inn í Tónlistarverðlaunin árið 2012 og voru þá fimm myndbönd tilnefnd.

Á Hlustendaverðlaunum útvarpsstöðva 365 miðla eru tilnefningar í flokknum myndband ársins sex talsins og á Íslensku tónlistarverðlaununum eru tilnefningarnar í sama flokki fimm talsins.

„Það eru fleiri að sýna tónlistarmyndböndunum áhuga og það sést til dæmis á því að það eru fleiri tilnefningar á tónlistarverðlaunum,“ segir Magnús Leifsson leikstjóri, en hann vann verðlaunin fyrir myndband ársins á síðasta ári fyrir myndband sitt við lagið Glow með Retro Stefson.

„Þeir sem eru að gera myndböndin eru ekki að gera þau út af peningunum, en þetta er góð leið til þess að koma sér á framfæri, bæði fyrir leikstjórann og tónlistarmanninn,“ segir Magnús. Hann segir einnig að með allri tækninni og stafrænu myndavélunum sé orðið einfaldara fyrir fólk úti í bæ að búa til vel útlitandi efni sem hægt er að setja á vefinn.

„KK sextettinn kom fram í fyrsta íslenska tónlistarmyndbandinu árið 1947 en það var þó ekkert hljóð þá,“ segir Jónatan Garðarsson, tónlistarsérfræðingur og rokksögukennari, spurður út upprunann.

Mikill uppgangur var í tónlistarmyndböndum á Íslandi fram til ársins 2007. „Á árunum 2006-2007 hrynur þetta og sjónvarpsstöðin Popptíví hættir. Rétt á eftir læsir Skjár Einn sinni stöð. Þá er lítill markaður og lítill tilgangur að búa til myndbönd. Þetta breytist svo allt þegar YouTube-vefurinn verður vinsæll,“ segir Jónatan.

Þá eru listamenn að setja myndböndin sín á Vimeo sem er einnig geysivinsæl síða.

Nú eru íslensk nöfn í tónlistarheiminum á borð við Of Monsters and Men, Sóleyju, Árstíðir, Björk, Sigur Rós, Retro Stefson og mörg önnur geysivinsæl á YouTube og með mjög mikið áhorf.

gunnarleo@frettabladid.is

## Myndbönd með mikið áhorf á Youtube



**Björk:** All is full of love - **15.869.820**

**Emilíana Torrini:** Jungle Drum - **14.029.473**

**Sóley:** Pretty Face - **15.687.298**

**Of Monsters and Men:** Little Talks (Live on KEXP) - **7.340,651**

Myndbönd Sóleyjar og OMAM eru ekki leikstýrð myndbönd. Sóley sýnir einungis mynd af plötuumslaginu á meðan lagið er spilað og upptaka hljómsveitarinnar Of Monsters and Men einfaldlega hljómsveitarmeðlimir sem sitja í stofu í hring og syngja lagið. Það má segja að myndbandið hafi verið upphafið að velgengni sveitarinnar. Þessar tölur sýna að stundum er myndbandið sjálft aukaatriði ef lagið er gott.

## ➜ Tilnefningar fyrir myndband ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum

**Baarregaard & Briem** - Love with you
**Stjórn:** Harald Haraldsson

**Grísalappalísa** - Hver er ég?
**Stjórn:** Sigurður Möller Sívertsen

**Ólafur Arnalds** - Only the Winds
**Stjórn:** Harald Haraldsson

**DJ. Flugvél og Geimskip** - Glamúr í geimnum
**Stjórn:** Steinunn Harðardóttir

**Úlfur** - Heaven in a Wildflower
**Stjórn:** Máni M. Sigfússon


BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Barnaheill Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi.


Við fjármögnum nýja fjölskyldubílinn
Þegar fjölskyldan stækkar getur nýrri, sparneytnari og öruggari bíll gert gæfumuninn. Með faglegri ráðgjöf og góðri þjónustu hjálpum við þér að fjármagna það sem upp á vantar til að þú getir uppfært fjölskyldubílinn.
Við aðstoðum með ánægju.
Suðurlandsbraut 14 > sími 440 4400 > www.ergo.is > ergo@ergo.is
ergo


Arna Mekkín Ragnarsdóttir
hefur hafið störf hjá
Sjúkraþjálfuninni AFL, Borgartúni 6
Tímapantanir í síma 511 4111
SJÚKRAÞJÁLFUN AFL
www.aflid.is

## Snorri Steinn á leið frá Danmörku til Frakklands

**HANDBOLTI** Snorri Steinn Guðjónsson, leikstjórnandi íslenska landsliðsins í handbolta og leikmaður GOG í dönsku úrvalsdeildinni, er á leið til franska liðsins Sélestat í sumar samkvæmt frétt franska fréttavefsins dna.fr. Þar segir að hann eigi að leysa Yurij Petrenko af hólmi sem er 36 ára Úkraínumaður.

Sélestat er sem stendur í ellefta sæti frönsku úrvalsdeildarinnar en svo virðist sem liðið sé að styrkja sig hressilega fyrir átökin næsta vetur. Á heimasíðu liðsins á mánudaginn var tilkynnt um kaup á tveimur nýjum leikmönnum og þá var framlengt við einn núverandi leikmann.

Þegar Fréttablaðið hafði samband við Snorra Stein í gær vildi hann ekki staðfesta fréttina. „Það eru teikn á lofti um að ég geti skipt um lið,“ var það eina sem hann vildi segja um málið en viðurkenndi þó að ekkert leyndarmál væri að hann ætlaði að yfirgefa GOG í sumar.

„Ég tilkynnti GOG það í lok nóvember að ég ætlaði að líta í kringum mig og ég er búinn að vera skoða mín mál. Mig langar að prófa eitthvað nýtt,“ sagði Snorri Steinn Guðjónsson sem á eitt ár eftir af samningi sínum við GOG.

- tom


**NÝTT LAND** Snorri Steinn Guðjónsson er á förum í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



16 liða úrslit í kvöld!
Zlatan Ibrahimovich og félagar í PSG mæta Bayer Leverkusen og eru nokkuð öruggir áfram eftir 4-0 sigur í fyrri viðureign. Manchester City þarf hins vegar að leggja allt undir á Nou Camp ef þeir vilja komast áfram.
Ekki missa af þessari fótboltaveislu á Stöð 2 Sport!
2 SPORT Kl. 19:30
BARCELONA – MANCHESTER CITY
2 SPORT 3 Kl. 19:30
PSG – BAYER LEVERKUSEN
Fáðu þér áskrift! 365.IS


**SAMEINAÐ ÁTAK Á ALGARVE** Íslensku stelpurnar fagna hér marki Mistar Edvarsdóttur í sigrinum á Noregi. MYND/KSÍ/HILMAR ÞÓR

### Spilatíminn á Algarve 2014

**(LEIKIR Í BYRJUNARLIÐI Í SVIGA)**

| | |
|---|---|
| Sara Björk Gunnarsdóttir | 209 mínútur (2) |
| Hallbera Guðný Gísladóttir | 205 (2) |
| Dagný Brynjarsdóttir | 184 (2) |
| Harpa Þorsteinsdóttir | 182 (2) |
| Elísa Viðarsdóttir | 181 (2) |
| Glódís Perla Viggósdóttir, Mist Edvardsdóttir og Anna Björk Kristjánsd. | 180 (2) |
| Rakel Hönnudóttir | 169 (2) |
| Dóra María Lárusdóttir | 168 (2) |
| Katrín Ómarsdóttir | 152 (2) |
| Fanndís Friðriksdóttir | 151 (1) |
| Ásgerður S. Baldursdóttir | 145 (2) |
| Þóra Björg Helgadóttir, Guðbjörg Gunnarsdóttir, Sandra Sigurðardóttir, Anna María Baldursd.og Soffía A. Gunnarsd. | 90 (1) |
| Elín Metta Jensen | 88 (1) |
| Þórunn Helga Jónsdóttir | 81 (1) |
| Ólína G. Viðarsdóttir | 55 (1) |
| Katrín Ásbjörnsdóttir | 10 (0) |
| Guðmunda Brynja Óladóttir | 0 |

# Allar nema tvær hafa byrjað inná á mótinu

Freyr Alexandersson, þjálfari kvennalandsliðsins í fótbolta, hefur gefið 21 leikmanni tækifæri í byrjunarliðinu á Algarve-mótinu en um leið hefur liðið náð öðrum besta árangri sínum á mótinu frá upphafi. Liðið spilar um bronsið í dag.

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta er komið í bronsleikinn í Algarve-bikarnum þrátt fyrir stóran skell í fyrsta leik. Íslensku stelpurnar hafa komið öflugar til baka og náðu öðru sætinu í sínum riðli eftir tvö dramatísk sigurmörk í lok leikja sinna á móti Noregi og Kína.

Fram undan er leikur við Svíþjóð um þriðja sætið í dag en íslenska kvennalandsliðið hefur aðeins einu sinni náð betri árangri á þessu árlega móti bestu landsliða heims.

„Það var slæm niðurstaða að tapa 5-0 en ég get alveg verið hreinskilinn og sagt að ég hafi verið pollrólegur eftir Þýskalandsleikinn. Það var svo margt jákvætt í leiknum af því sem við lögðum upp og við gátum tekið það með okkur,“ sagði Freyr Alexandersson, þjálfari Íslands.

### Héldum bara „kúlinu“

„Ég vissi alveg að þetta gæti gerst en þetta var óþarflega stórt tap. Við héldum bara „kúlinu“ eins og við segjum og héldum áfram. Við höfum öll trú á því sem við erum að gera og það er það sem skiptir máli. Leikmennirnir eru á fleygiferð og ég er mjög ánægður með leikmennina,“ segir Freyr.

Algarve-bikarinn hefur alltaf verið vettvangur til að gefa nýjum leikmönnum tækifærið en þó aldrei eins og nú. Þrír lykilleikmenn undanfarinna ára eru til dæmis ekki með því fyrirliðinn Katrín Jónsdóttir er hætt, markadrottningin Margrét Lára Viðarsdóttir er ófrísk og hættulegasti sóknarmaður liðsins, Hólmfríður Magnúsdóttir, er meidd.

Að auki hefur Freyr gefið 21 af 23 leikmönnum tækifæri í byrjunarliðinu og tuttugu leikmenn hafa spilað í meira en 80 mínútur á mótinu.

Margrét Lára er enn hluti af liðinu þrátt fyrir að vera í barneignarfríi.

### ➜ Besti árangur í Algarve-bikarnum

| | |
|---|---|
| -2. SÆTI | 2011 |
| 3. EÐA 4. SÆTI | 2014 |
| 6. SÆTI | 1996 |
| 6. SÆTI | 2009 |
| 6. SÆTI | 2012 |
| 7. SÆTI | 1997 |
| 7. SÆTI | 2008 |

### Margrét Lára í stöðugu sambandi

„Margrét er búin að vera í stöðugu sambandi við mig allt mótið og sýnir okkur mikinn stuðning,“ segir Freyr en hann bauð Margréti Láru að vera eins mikið í kringum liðið og hún vildi. Hinar stjörnur liðsins sætta sig alveg við þessa „tilraunastarfsemi“ hjá Frey.

„Ég upplifi engar stjórnur innan liðsins og ég ítreka það alltaf við þessa leikmenn sem eru hérna hjá okkur að við erum að skapa liðsheild. Íslenska landsliðið þarf á því að halda að vera með breiðari hóp heldur en við vorum með fyrir mótið,“ sagði Freyr og bætti við:

„Það er ótrúlega mikilvægt að við séum búin að skapa heilbrigða og góða samkeppni um stöður. Leikmenn liðsins eiga að styðja hvern annan í þeirri baráttu.“

Freyr talaði um það fyrir mótið að úrslitin væru ekki aðalatriðið og það hefur því komið skemmtilega á óvart að liðið sé komið alla leið í leikinn um þriðja sætið sem fer fram kl. 13.30 í dag.

ooj@frettabladid.is

## Arsenal úr leik í Meistaradeildinni


**ANNAÐ ÁRIÐ Í RÖÐ** Bæjarar fagna marki Bastians Schweinsteiger í gær en þýska liðið skildi Arsenal eftir í 16 liða úrslitunum alveg eins og í fyrra. MYND//GETTY

### ÚRSLITIN Í GÆR:

**ATLÉTICO MADRID - AC MILAN 4-1**
1-0 Diego Costa (3.), 1-1 Kaka (27.), 2-1 Arda Turan (40.), 3-1 Raul Garcia (70.), 4-1 Diego Costa (85.).

*Atlético Madrid vann samanlagt 5-1*

**BAYERN MÜNCHEN - ARSENAL 1-1**
1-0 Bastian Schweinsteiger (55.), 1-1 Lukas Podolski (57.). Arsenal úr leik í 16 liða úrslitum keppninnar fjórða árið í röð.

*Bayern München vann samanlagt 3-1*

visir.is
Frekari umfjöllun um Meistaradeildina




# Vertu öruggari með rafræn skilríki í símanum

**Skilaðu inn skattframtalinu með rafrænum skilríkjum í símanum**

Með rafræn skilríki í símanum færðu fljótlegan og þægilegan aðgang að fjölda vefsvæða fyrirtækja og stofnana t.d. þjónustuvef Símans og skattur.is. Ekki er þörf á að leggja notendanöfn og lykilorð á minnið. Rafræn skilríki tryggja þér hámarksöryggi og einfalda lífið í samskiptum á netinu.

Síminn er fyrsta og eina fyrirtækið hérlendis sem býður viðskiptavinum sínum upp á rafræn skilríki í farsíma.

Kynntu þér nánar rafræn skilríki á **www.siminn.is**

Hægt er að virkja rafræn skilríki í verslunum Símans á eftirtöldum tímum í mars:

Kringlan
Virka daga frá 12.00-18.00

Glerártorg
Fös. frá 16.00-18.00
Lau. frá 13.00-15.00

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 20.30
### Léttir sprettir



Friðrika Hjördís Geirsdóttir stýrir skemmtilegum þætti um almenningsíþróttir eins og hlaup, skíðaíþróttir, hjólreiðar, fjallgöngur, sund og íþróttir fyrir alla fjölskylduna. Farið verður yfir þann búnað sem mælt er með að fólk eigi til að stunda íþróttina, hvernig þjálfun er æskileg til að ná betri árangri og koma í veg fyrir meiðsli.

## Í KVÖLD



### Neyðarvaktin
**SJÓNVARPIÐ KL. 20.05** Chicago Fire II er bandarísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og bráðaliða í Chicago, en hetjurnar á slökkvistöð 51 víla ekki fyrir sér að vaða inn í brennandi hús og láta til sín taka við hættulegar aðstæður.



### Matur og lífsstíll
**STÖÐ 2 GULL KL. 20.00** Skemmtilegur lífsstílsþáttur með hinni einu sönnu Völu Matt. Í þáttunum heimsækir Vala þekkt fólk og eldar með því girnilega rétti.



### Meistaradeild Evrópu
**STÖÐ 2 SPORT KL. 19.30** Bein útsending frá leik Barcelona og Manchester City í Meistaradeild Evrópu.

## X-ið 977 kl. 08.00
### Harmageddon

Harmageddon er morgunþátturinn á X977, á dagskrá alla virka daga kl. 8-11. Harmageddon er hrikalegur útvarpsþáttur sem tekur púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu í dag.








## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle**
**08.30 Ellen**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors**
**10.15 Masterchef USA**
**11.05 Spurningabomban**
**11.50 Grey's Anatomy**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Chuck**
**13.45 Up All Night**
**14.10 Suburgatory**
**14.35 2 Broke Girls**
**15.00 Sorry I've Got No Head**
**15.30 Kalli kanína og félagar**
**15.55 Fjörugi teiknimyndatíminn**
**16.20 UKI**
**16.30 Ellen**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Svínasúpan**
**19.45 The Middle** *(16:24)*
**20.10 Heimsókn**
**20.30 Léttir sprettir**
**20.55 Grey's Anatomy** *(14:24)*
**21.40 Rita** *(1:8)*
**22.25 The Extraordinary Adventures of Adèle Blanc-Sec**
**00.05 The Blacklist**
**00.50 NCIS**
**01.35 Person of Interest**
**02.20 Crusoe**
**04.35 El Cantante**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeildin - meistaramörk**
**12.45 Real Madrid - Levante**
**14.25 Meistaradeild Evrópu. Atletico Madrid - AC Milan**
**16.05 Meistaradeild Evrópu. Bayern München - Arsenal**
**17.45 Meistaradeildin - meistaramörk**
**18.30 Þýsku mörkin**
**19.00 Meistaradeildin - upphitun**
**19.30 Meistaradeild Evrópu. Barcelona - Man. City** Bein útsending
**21.45 Meistaradeildin - meistaramörk**
**22.30 Meistaradeild Evrópu. PSG - Bayer Leverkusen**
**00.25 Meistaradeild Evrópu. Barcelona - Man. City**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**12.20 Norwich - Stoke**
**14.00 WBA - Man. Utd.**
**15.40 Football League Show 2013/14**
**16.10 Chelsea - Tottenham**
**17.50 Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**18.45 Blackburn - Burnley**
**20.25 Messan**
**21.45 Crystal Palace - Southampton**
**23.25 Premier League World**
**23.55 PL Classic Matches. Arsenal - Man. United, 1997**

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur,tækni og kennsla. **21.00** Fasteignaflóran **21.30** Á ferð og flugi

## STÖÐ 3

**16.30 American Idol**
**18.35 Bob's Burgers**
**19.00 Junior Masterchef Australia**
**19.45 Baby Daddy** *(10:10)*
**20.05 Revolution** *(3:22)*
**20.50 Arrow** *(15:24)* Önnur þáttaröðin um ungan milljónamæring og glaumgosa sem snýr aftur eftir að hafa verið strandaglópur á eyðieyju í fimm ár og var talinn af.
**21.35 Tomorrow People** *(4:22)*
**22.20 Shameless** *(1:12)*
**00.05 The Unit**
**00.50 Hawthorne**
**01.30 Supernatural**
**02.10 Junior Masterchef Australia**
**02.55 Baby Daddy**
**03.15 Revolution**
**04.00 Arrow**
**04.40 Tomorrow People**
**05.25 The Unit**

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.50** Gulla og grænjaxlarnir **08.00** Ofurhundurinn Krypto **08.25** Brunabílarnir **08.47** Ávaxtakarfan **09.00** Ljóti andarunginn og ég **09.23** Latibær **09.34** Ævintýraferðin **09.47** Tommi og Jenni **09.55** Rasmus Klumpur og félagar **10.00** Könnuðurinn Dóra **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.46** Doddi litli og Eyrnastór **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson **11.50** Gulla og grænjaxlarnir **12.00** Ofurhundurinn Krypto **12.25** Brunabílarnir **12.47** Ávaxtakarfan **13.00** Ljóti andarunginn og ég **13.23** Latibær **13.34** Ævintýraferðin **13.47** Tommi og Jenni **13.55** Rasmus Klumpur og félagar **14.00** Könnuðurinn Dóra **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.46** Doddi litli og Eyrnastór **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveinsson **15.50** Gulla og grænjaxlarnir **16.00** Ofurhundurinn Krypto **16.25** Brunabílarnir **16.47** Ávaxtakarfan **17.00** Ljóti andarunginn og ég **17.23** Latibær **17.34** Ævintýraferðin **17.47** Tommi og Jenni **17.55** Rasmus Klumpur og félagar **18.00** Könnuðurinn Dóra **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.46** Doddi litli og Eyrnastór **19.00** Hetjur Valhallar - Þór **20.20** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**18.00 Strákarnir**
**18.25 Friends**
**18.50 Seinfeld**
**19.15 Modern Family**
**19.40 Two and a Half Men**
**20.00 Matur og lífsstíll**
**20.30 Örlagadagurinn** *(6:14)*
**21.00 Game of Thrones** *(10:10)*
**22.00 Hustle** *(4:6)*
**22.55 The Fixer**
**23.45 Without a Trace**
**00.35 Curb Your Enthusiasm**
**01.05 Matur og lífsstíll**
**01.35 Örlagadagurinn**
**02.05 Game of Thrones**
**03.05 Hustle**
**03.55 The Fixer**
**04.45 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**11.15 Dolphin Tale**
**13.05 Skate or Die**
**14.35 You've Got Mail**
**16.35 Dolphin Tale**
**18.25 Skate or Die**
**20.00 You've Got Mail**
**22.00 Your Highness**
**23.55 Ted**
**01.40 Taken 2**
**03.15 Your Highness**

## RÚV

**13.25 Vetrarólympíumót fatlaðra** *(Sprettganga karla og kvenna)*
**16.25 Ljósmóðirin** *(3:6)*
**17.20 Disneystundin**
**17.21 Finnbogi og Felix**
**17.43 Sígildar teiknimyndir**
**17.50 Herkúles**
**18.10 Táknmálsfréttir**
**18.20 Djöflaeyjan**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Veðurfréttir**
**19.30 Íþróttir**
**19.40 Kastljós**
**20.05 Neyðarvaktin** *(15:22) (Chicago Fire II)* Bandarísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og bráðaliða í Chicago, en hetjurnar á slökkvistöð 51 víla ekki fyrir sér að vaða inn í brennandi hús og láta til sín taka við hættulegar aðstæður.
**20.50 Í mat hjá mömmu** *(1:7) (Friday Night Dinner II)* Bráðfyndin verðlaunaþáttaröð frá BBC um tvo fullorðna bræður sem venja komur sínar í mat til mömmu og pabba á föstudagskvöldum.
**21.15 Kiljan** Bókaþáttur Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Liljur vallarins** Hvert er hlutverk Guðs og hvernig eiga menn að haga lífi sínu? Í þættinum verður leitast við að svara þessum spurningum og öðrum sem tengjast tilgangi lífsins.
**23.15 Netást** *(Catfish)*
**00.40 Kastljós**
**01.00 Fréttir**
**01.10 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Cheers**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**16.55 Once Upon a Time**
**17.40 Dr. Phil**
**18.20 The Good Wife**
**19.10 Cheers**
**19.35 America's Funniest Home Videos**
**20.00 Gordon Ramsay Ultimate Home Cooking** *(9:20)*
**20.25 Sean Saves the World** *(10:18)*
**20.50 The Millers** *(10:22)*
**21.15 Franklin & Bash** *(9:10)* Lögmennirnir og glaumgosarnir Franklin og Bash eru loks mættir aftur á SkjáEinn. Þeir félagar starfa hjá virtri lögmannsstofu en þurfa reglulega að sletta úr klaufunum.
**22.00 Blue Bloods** *(10:22)*
**22.45 The Tonight Show** Spjallþáttasnillingurinn Jimmy Fallon hefur tekið við keflinu af Jay Leno og stýrir nú hinum geysivinsælu Tonight Show þar sem hann hefur slegið öll áhorfsmet.
**23.30 CSI Miami**
**00.10 The Walking Dead**
**00.55 Made in Jersey**
**01.40 In Plain Sight**
**02.25 The Tonight Show**
**03.10 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRSPORT

**06.00** Eurosport 2

## Golfstöðin

**08.00** World Golf Championship 2014 **13.00** PGA Tour 2014 - Highlight **13.55** Golfing World 2014 **14.45** Inside The PGA Tour 2014 **15.15** 2007 Augusta Masters **18.00** Golfing World 2014 **18.50** PGA Tour 2014 - Highlight **19.45** Golfing World 2014 **20.35** PGA Tour 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

20% afsláttur af kösturum

# KASTARADAGAR




Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

## BÍÓMYNDIN



**„The Man Who Knew Too Much eftir Alfred Hitchcock. Þetta var fyrsta VHS-myndin sem var til á mínu heimili þegar ég var krakki. Ég horfði mjög mjög oft á hana. Doris Day fór á kostum og ég söng hástöfum með henni titillagið Whatever Will Be.“**

Alexía Björg Jóhannesdóttir leikkona

# Fatlað fólk á að geta gert það sem það vill

Steinunn Ása Þorvaldsdóttir leikur í Eurovision-myndbandinu og þakkar fyrir að vera fordómalaus.

„Ég held að þetta myndband verði svakalega skemmtilegt. Allavega það sem ég gerði. Ég bíð spennt eftir að sjá það,“ segir Steinunn Ása Þorvaldsdóttir. Hún leikur í myndbandi við Eurovision-lagið Enga fordóma með Pollapönki sem frumsýnt verður í lok vikunnar.

„Mér finnst mikilvægt að ég hafi fengið að taka þátt í þessu. Fólk er alltaf að reka sig á að það er fullt af fordómum í kringum það. Mér finnst að fatlað fólk eigi að hafa rétt á að gera það sem það langar til að gera,“ segir Steinunn, sem sjálf hefur tekið eftir fordómum frá fólki í sinn garð í gegnum tíðina.

„Já, en sem betur fer er ég fordómalaus einstaklingur.“

Steinunn er mjög ánægð með að Pollapönkarar séu fulltrúar Íslands í Eurovision í ár.

„Þeir eru yndislegir. Ég trúi á þá. Þeir eru hjartahlýir og vita hvað þeir eru að gera. Ég vona að þetta myndband kenni fólki að vera fordómalaust og ég er viss um að það vekur fólk til umhugsunar líka,“ segir Steinunn og hefur skýr skilaboð til fólksins í landinu:

„Burtu með fordóma strax!“ - lkg



**MEÐ HJARTAÐ Á RÉTTUM STAÐ** Hér er Steinunn á setti myndbandsins með Arnari Þór Gíslasyni, trommara Pollapönks.






# Ballbann í MS vegna ölvunar nemenda

Stjórnendur og félagsmálafulltrúar Menntaskólans við Sund hafa ákveðið að fleiri dansleikir fari ekki fram þetta skólaárið. Ölvun á árshátíð skólans fyllti mælinn.

„Ástæðan fyrir þessu dansleikjabanni er að okkur hefur fundist hlutirnir ekki hafa gengið nógu vel og það hefur verið allt of mikið um ölvun,“ segir Már Vilhjálmsson, rektor Menntaskólans við Sund. Mikil drykkja og önnur brot á árshátíð skólans sem fram fór í Gullhömrum fyrir skömmu fylltu mælinn og hefur því verið sett á svokallað dansleikjabann.

„Þetta er kannski ekki dansleikjabann heldur frekar dansleikjahlé. Við ætlum að endurskoða hlutina og sjá hverniq þetta geti farið betur fram,“ bætir Már við.

Mikilli ölvun fylgir oft ofbeldi. „Það er orðið regla að á öllum stóru dansleikjunum er ofbeldi og það er auðvitað ekki í lagi. Auðvitað viljum við heilbrigt og gott skemmtanalíf en við þurfum nýjar leiðir til að breyta þessu. Í núverandi ástandi get ég ekki tryggt öryggi nemendanna,“ útskýrir Már.

Í kringum árið 2006 hætti skólinn að halda opin böll vegna þess að talið var að nemendur úr öðrum skólum væru orsök margra brota sem fram fóru á dansleikjum í þá daga. Að halda lokuð böll breytti þó litlu. „Ástandið breyttist lítið við þær breytingar.“

Á dansleikjum skólans eru þeir sem eru ölvaðir teknir inn í svokallað sjúkraherbergi og ef aðilinn er yngri en átján ára er hringt í foreldra og neminn sóttur. „Í heildina séð hagar meirihlutinn sér vel á böllum.“

Már segir þetta mikla synd, því þeir sem séu í formennsku nemendafélagsins, séu að vinna mikla vinnu og séu þetta því mikil vonbrigði. „Það er mikil vinna á bak við böllin. Við fundum alltaf fyrir dansleiki og förum yfir reglur og annað slíkt en þrátt fyrir alla þessa vinnu þá miðar okkur ekkert áfram,“ bætir Már við.

Dansleikjabannið svokallaða verður í gildi út skólaárið en stjórnendur skólans ætla að reyna að finna lausn á vandanum með nemendum. „Við ætlum að finna það út með nemendum hvernig best sé að breyta þessu. Forsenda þess að það verði áframhald á dansleikjahaldi er að við finnum áhrifaríkari leiðir til að hafa hlutina í lagi.“

Fréttablaðið setti sig í samband við nokkra nemendur skólans og voru flestir hissa á þessari ákvörðun skólastjórnenda en ætluðu að hlíta þessum fyrirmælum.

gunnarleo@frettabladid.is



**DANSLEIKJAHLÉ** Már Vilhjálmsson, rektor Menntaskólans við Sund, segir að ekki verði haldnir fleiri dansleikir á skólaárinu nema hlutirnir fari að breytast. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Það er orðið regla að á öllum stórum dansleikjunum er ofbeldi og það er auðvitað ekki í lagi. Auðvitað viljum við heilbrigt og gott skemmtanalíf en við þurfum nýjar leiðir til að breyta þessu. Í núverandi ástandi get ég ekki tryggt öryggi nemendanna.**

*Már Vilhjálmsson*








# Flytja frá Hellissandi til Berlínar

Raftónlistarhátíðin Extreme Chill Festival heldur upp á fimm ára afmælið sitt. Hátíðin hefur alltaf farið fram á Hellissandi á Snæfellsnesi en fer nú fram í Berlín.

„Það er í tilefni fimm ára afmælisins sem hátíðin fer fram í Berlín en ekki á Hellissandi eins og síðustu fjögur ár,“ segir Pan Thorarensen, skipuleggjandi raftónlistarhátíðarinnar Extreme Chill Festival, sem fram fer í Berlín dagana 4. til 6. júlí.

Hátíðin hefur síðustu ár farið fram á Hellissandi á Snæfellsnesi og notið mikilla vinsælda. Þar hafa helstu raftónlistarmenn Íslands komið fram ásamt erlendum tónlistarmönnum. Eftirspurn tónlistarmanna víða að úr heiminum hefur aukist og koma nú umsóknir víða að á hverju ári og er hátíðin nú orðin allþekkt víða um heim. „Ég hef búið í Berlín síðasta hálfa árið og hef staðið fyrir Extreme Chill-kynningarkvöldum hér. Þar hafa komið fram íslenskir og erlendir raftónlistarmenn og hefur það styrkt sambönd tónlistarmanna ásamt því að kvöldin hafa vakið mikla athygli raftónlistarmanna og áhugamanna um íslenska raftónlist,“ útskýrir Pan. Útón og Tónlistarsjóður Rannís hafa styrkt þessi kvöld og hafa þau gengið framar vonum. Tveimur kvöldum af fjórum er nú lokið en næsta kvöld er núna á föstudaginn á stað sem kallast Platoon Kunsthalle Berlin en þá munu koma fram Yagya, Rúnar Magnússon og Zuurb.

Búið er að bóka nokkur tónlistaratriði frá Íslandi fyrir hátíðina í sumar í Berlín en á meðal þeirra eru Skurken, Stereo Hypnosis, Tonik, Árni 2, Plat, Franco Wonder, M-Band ogfleiri. Einnig koma fram tveir þekktir þýskir raftónlistarmenn, Hans-Joachim Roedelius og Thomas Fehlmann.

„Ég geri þó ráð fyrir að hátíðin fari bæði fram í Berlín og á Hellissandi á næsta ári,“ segir Þorsteinn um framtíðina. - glp



**VINSÆL** Tónlistarhátíðin er fimm ára í ár.

Zero Emission

NISSAN

Innovation that excites

NISSAN LEAF

# NÚ HLEÐUR ÞÚ LEAF Á AÐEINS 20 MÍNÚTUM

## NÝJAR HRAÐHLEÐSLUSTÖÐVAR ON OG NISSAN

ON, í samstarfi við BL ehf. og Nissan Europe, setur upp 10 hraðhleðslustöðvar fyrir rafbíla á næstu mánuðum. Þær fyrstu hafa verið opnaðar við BL ehf. Sævarhöfða og höfuðstöðvar ON á Bæjarhálsi. Þetta er sannkölluð bylting fyrir rafbílaeigendur því það tekur ekki nema um 20 mínútur að hlaða geyminn upp í 80%. Það sem meira er: fyrst um sinn þurfa rafbílaeigendur ekki að greiða fyrir hleðsluna.







- Tvær hraðhleðslustöðvar komnar í gagnið: BL Sævarhöfða og höfuðstöðvar ON Bæjarhálsi
- 80% hleðsla á 20 mínútum
- Hraðhleðslustöðvar á 10 stöðum á næstunni
- Frí hleðsla í boði ON og Nissan Europe

VERÐLÆKKUN!

Nissan EURO LEAF
VERÐ 4.690 ÞÚS. KR.

ENNEMM / SÍA / NM61804

NISSAN LEAF VAR FYRSTI RAFBÍLLINN Í HEIMINUM sem hlaut 5 stjörnur í Euro NCAP árekstrarprófunum árið 2012.

Öllum Nissan Leaf sem BL selur fylgir 5 ára ábyrgð á rafhlöðu og tengdum háspennuhlutum.

5 YEAR WARRANTY 100 000 KM

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



UPPLIFÐU ÞITT
WOW MOMENT
Í BERLÍN


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fluttur á Ægisíðuna

**Þorsteinn Baldur Friðriksson**, framkvæmdastjóri Plain Vanilla, er fluttur á Ægisíðuna og hefur því yfirgefið Hlíðarnar, þar sem hann bjó áður. Hann festi þar nýlega kaup á hæð í fjölbýli í einni eftirsóttustu götu bæjarins, en fermetraverðið á Ægissíðunni er eitt það hæsta sem fyrirfinnst á höfuðborgarsvæðinu.

„Ég er gamall Vesturbæingur og var í Melaskóla og Hagaskóla á yngri árum,“ segir Þorsteinn, sem er kominn á sínar æskuslóðir á nýjan leik. Hann hefur verið mikið erlendis undanfarið enda hefur fyrirtækið hans, Plain Vanilla, átt góðu gengi að fagna.

Þá var spurningaapp Plain Vanilla, QuizUp, gefið út fyrir Android-stýrikerfi fyrir síðustu helgi og hafa viðtökurnar verið frábærar. „Það bætast um 150.000 QuizUp-notendur við á dag,“ segir Þorsteinn um vinsældir appsins.



- glp

### Næsta bók á leiðinni

„Tilfinningin er mjög blendin og á lokasprettinum langar mig alltaf að hætta við. Fer að efast um hvort þetta sé nógu gott og af hverju ég sé yfirhöfuð að þessu,“ segir **Þorbjörg Marínósdóttir** sem var að skila af sér handriti næstu bókar. Bókin er sjálfsævisaga og á að koma út í maí en mánuði seinna á Þorbjörg, eða Tobba eins og hún gjarna er kölluð, von á sínu fyrsta barni. „Það er erfitt að hafa gefið út metsölubækur því þá hugsar maður: „Hvenær floppa ég?“ Þessi bók hefur það líka umfram aðrar að vera mun persónulegri og því erfiðara að sleppa henni út í alheiminn.“



- áp

### Mest lesið Vísir

1 Hætta að styrkja Barnaheill vegna ummæla um Gunnar Nelson
2 „Ef það væru fleiri eins og Gunni væri æska landsins í frábærum málum“
3 Bjarni Ben hittir Davíð reglulega á Hótel Holti
4 Fagnaði bónusnum með joggingbuxum
5 Fluttu í hesthúsið


Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið


